

REGLUGERÐ

um varfærniskröfur vegna starfsemi fjármálafyrirtækja.

I. HLUTI
Almenn ákvæði.

BÁLKUR I

Gildissvið, innleiðing og skilgreiningar.

1. gr.

Gildissvið og innleiðing.

Reglugerð þessi gildir um eftirtalda aðila:

1. Fjármálafyrirtæki sem fengið hafa starfsleyfi samkvæmt 1.-3. og 5.-7. tölul. 1. mgr. 4. gr. laga nr. 161/2002, um fjármálafyrirtæki, þ.e. viðskiptabanka, sparisjóði, lánaþyrirtæki, verðbréfaþyrirtæki og rekstrarfélög verðbréfasjóða.
2. Samstæður þar sem móðurþyrirtæki er eitthvert þeirra þyrirtækja sem nefnt er í 1. tölul., sbr. 3. gr. reglugerðarinnar.
3. Samstæður þar sem móðurþyrirtæki er eignarhaldsfélag einhverra þeirra þyrirtækja sem nefnt er í 1. tölul., sbr. 3. gr. reglugerðarinnar.

Þeir aðilar sem taldir eru upp í 1. mgr. nefnast fjármálafyrirtæki í reglugerðinni.

Með Ákvæði reglugerð eftirtalinnna þessari reglugerða öðlast skulu gildi gilda hér á landi reglugerð með þeim aðlögunum sem leiðir af bókun 1 um altæka aðlögun við EES-samninginn, sbr. lög um Evrópska efnahagssvæðið, nr. 2/1993, þar sem bókunin er lögfest, og viðkomandi ákvörðunum sameiginlegu EES-nefndarinnar:

1.

Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 575/2013 frá 26. júní 2013 um varfærniskröfur vegna að starfsemi því lánastofnana er varðar lánastofnanir og verðbréfaþyrirtækja verðbréfaþyrirtæki og um breytingu á reglugerð (ESB) nr. 648/2012, sem er birt á bls. 1 í EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins nr. 12 frá 27. febrúar 2020, sem var tekin upp í EES-samninginn með þeim ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 79/2019 frá 29. mars 2019, sem er birt á bls. 1 í EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins nr. 99 frá 12. desember 2019, með breytingum sem samkvæmt: kveðið

a. er Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2016/1014 frá 8. júní 2016 um breytingu á um í 2. og 3. mgr. 92. gr. Skýra skal texta reglugerðar þessarar til samræmis við enska útgáfu reglugerðar reglugerð (ESB) nr. 575/2013 að því er varðar undanþágur fyrir seljendur hrávöru, sem er birt á bls. 342 í EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins nr. 50 frá 23. júlí 2020, sem var tekin upp í EES-samninginn með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 82/2019 frá 29. mars 2019, sem er birt á bls. 71 í EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins nr. 44 frá 2. júlí 2020.

b. Framseldri reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2017/2188 frá 11. ágúst 2017 um breytingu á reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 575/2013 að því er varðar undanþágu á kröfum um eiginfjárgrunn að því er varðar tiltekin sértryggð skuldabréf, sem var tekin upp í EES-samninginn með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 64/2020 frá 30. apríl 2020. Reglugerðin er birt í fylgiskjali með reglugerð þessari.

- f. Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2017/2395 frá 12. desember 2017 um breytingu á reglugerð (ESB) nr. 575/2013 að því er varðar umbreytingarfyrirkomulag til að draga úr áhrifum á eiginfjárgrunn vegna innleiðingar IFRS-staðals 9 og fyrir meðhöndlun tiltekinna áhættuskuldbindinga opinberra aðila sem gefnir eru upp í heimagjaldmiðli aðildarríkis sem stórra áhættuskuldbindinga, sem er birt á [bls. 94 í EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins nr. 42 frá 25. júní 2020](#), sem var tekin upp í EES-samninginn með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 79/2019 frá 29. mars 2019, sem er birt á [bls. 1 í EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins nr. 99 frá 12. desember 2019](#), þó þannig að í stað dagsetningarinnar "1. febrúar 2018" tvívegis í 9. efnismgr. 1. tölul. 1. gr. reglugerðar (ESB) 2017/2395 kemur: 1. maí 2020.
- g. Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2019/630 frá 17. apríl 2019 um breytingu á reglugerð (ESB) nr. 575/2013 að því er varðar lágmarkstryggingavernd fyrir tapi vegna vanefndra áhættuskuldbindinga, sem er birt á [bls. 22 í EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins nr. 19 frá 18. mars 2021](#), sem var tekin upp í EES-samninginn með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 16/2020 frá 7. febrúar 2020. Ákvörðunin er birt í fylgiskjali með reglugerð þessari.
3. Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 591/2014 frá 3. júní 2014 um framlengingu umbreytingartímabilanna sem tengjast kröfum vegna eiginfjárgrunns að því er varðar áhættuskuldbindingar vegna miðlægra mótaðila í reglugerðum Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 575/2013 og (ESB) nr. 648/2012, en með heimild í ákvæði til bráðabirgða I í lögum um fjármálafyrirtæki, nr. 161/2002, sbr. lög nr. 57/2015, vísast til enskrar útgáfu reglugerðarinnar í Stjórnartíðindum Evrópusambandsins: <https://eur-lex.europa.eu/legal-content/EN/TXT/?uri=CELEX:32014R0591>, sem var tekin upp í EES-samninginn með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 81/2019 frá 29. mars 2019, sem er birt á [bls. 65 í EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins nr. 44 frá 2. júlí 2020](#).
4. Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 650/2014 frá 4. júní 2014 um tæknilega framkvæmdarstaðla að því er varðar snið, uppbyggingu, innihaldslista og árlega birtingardagsetningu upplýsinganna sem lögbær yfirvöld skulu birta í samræmi við tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2013/36/ESB, en með heimild í ákvæði til bráðabirgða II í lögum um fjármálafyrirtæki, nr. 161/2002, sbr. lög nr. 57/2015, vísast til enskrar útgáfu reglugerðarinnar í Stjórnartíðindum Evrópusambandsins: <https://eur-lex.europa.eu/legal-content/EN/ALL/?uri=CELEX%3A32014R0650>, sem var tekin upp í EES-samninginn með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 81/2019 frá 29. mars 2019, sem er birt á [bls. 65 í EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins nr. 44 frá 2. júlí 2020](#), með breytingum samkvæmt:
- a. Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2019/912 frá 28. maí 2019 um breytingu á framkvæmdarreglugerð (ESB) nr. 650/2014 um tæknilega framkvæmdarstaðla að því er varðar snið, uppbyggingu, innihaldslista og árlega birtingardagsetningu upplýsinganna sem lögbær yfirvöld skulu birta í samræmi við tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2013/36/ESB, en með heimild í ákvæði til bráðabirgða II í lögum um fjármálafyrirtæki, nr. 161/2002, sbr. lög nr. 57/2015, vísast til enskrar útgáfu reglugerðarinnar í Stjórnartíðindum Evrópusambandsins: <https://eur-lex.europa.eu/legal-content/EN/ALL/?uri=CELEX%3A32019R0912>, sem var tekin upp í EES-samninginn með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 17/2020 frá 7. febrúar 2020.
5. Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 1317/2014 frá 11. desember 2014 um framlengingu umbreytingartímabilanna sem tengjast kröfum vegna eiginfjárgrunns að því er varðar áhættuskuldbindingar vegna miðlægra mótaðila í reglugerðum Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 575/2013 og (ESB) nr. 648/2012, en með heimild í ákvæði til bráðabirgða I í lögum um fjármálafyrirtæki,

- nr. 161/2002, sbr. lög nr. 57/2015, vísast til enskrar útgáfu reglugerðarinnar í Stjórnartíðindum Evrópusambandsins: <https://eur-lex.europa.eu/legal-content/EN/TXT/?uri=CELEX:32014R1317>, sem var tekin upp í EES-samninginn með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 83/2019 frá 29. mars 2019, sem er birt á [bls. 77 í EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins nr. 44 frá 2. júlí 2020](#).
9. Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2015/880 frá 4. júní 2015 um framlengingu umbreytingartímabilanna sem tengjast kröfum vegna eiginfjárgrunns að því er varðar áhættuskuldbindingar vegna miðlægra mótaðila í reglugerðum Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 575/2013 og (ESB) nr. 648/2012, sem er birt á [bls. 384 í EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins nr. 50 frá 23. júlí 2020](#), sem var tekin upp í EES-samninginn með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 83/2019 frá 29. mars 2019, sem er birt á [bls. 77 í EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins nr. 44 frá 2. júlí 2020](#).
10. Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2015/2326 frá 11. desember 2015 um framlengingu umbreytingartímabilanna sem tengjast kröfum vegna eiginfjárgrunns að því er varðar áhættuskuldbindingar vegna miðlægra mótaðila í reglugerðum Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 575/2013 og (ESB) nr. 648/2012, sem er birt á [bls. 386 í EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins nr. 50 frá 23. júlí 2020](#), sem var tekin upp í EES-samninginn með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 83/2019 frá 29. mars 2019, sem er birt á [bls. 77 í EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins nr. 44 frá 2. júlí 2020](#).
11. Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2016/892 frá 7. júní 2016 um framlengingu umbreytingartímabilanna sem tengjast kröfum vegna eiginfjárgrunns að því er varðar áhættuskuldbindingar vegna miðlægra mótaðila í reglugerðum Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 575/2013 og (ESB) nr. 648/2012, en með heimild í ákvæði til bráðabirgða I í lögum um fjármálafyrirtæki, nr. 161/2002, sbr. lög nr. 57/2015, vísast til enskrar útgáfu reglugerðarinnar í Stjórnartíðindum Evrópusambandsins: <https://eur-lex.europa.eu/legal-content/EN/TXT/?uri=CELEX:32016R0892>, sem var tekin upp í EES-samninginn með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 83/2019 frá 29. mars 2019, sem er birt á [bls. 77 í EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins nr. 44 frá 2. júlí 2020](#).
12. Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2016/2227 frá 9. desember 2016 um framlengingu umbreytingartímabilanna sem tengjast kröfum vegna eiginfjárgrunns að því er varðar áhættuskuldbindingar vegna miðlægra mótaðila í reglugerðum Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 575/2013 og (ESB) nr. 648/2012, en með heimild í ákvæði til bráðabirgða I í lögum um fjármálafyrirtæki, nr. 161/2002, sbr. lög nr. 57/2015, vísast til enskrar útgáfu reglugerðarinnar í Stjórnartíðindum Evrópusambandsins: <https://eur-lex.europa.eu/legal-content/EN/TXT/?uri=CELEX%3A32016R2227>, sem var tekin upp í EES-samninginn með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 83/2019 frá 29. mars 2019, sem er birt á [bls. 77 í EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins nr. 44 frá 2. júlí 2020](#).
13. Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2017/954 frá 6. júní 2017 um framlengingu umbreytingartímabilanna sem tengjast kröfum vegna eiginfjárgrunns að því er varðar áhættuskuldbindingar vegna miðlægra mótaðila í reglugerðum Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 575/2013 og (ESB) nr. 648/2012, en með heimild í ákvæði til bráðabirgða I í lögum um fjármálafyrirtæki, nr. 161/2002, sbr. lög nr. 57/2015, vísast til enskrar útgáfu reglugerðarinnar í Stjórnartíðindum Evrópusambandsins: <https://eur-lex.europa.eu/legal-content/EN/TXT/?uri=CELEX:32017R0954>, sem var tekin upp í EES-samninginn með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 83/2019 frá 29. mars 2019, sem er birt á [bls. 77 í EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins nr. 44 frá 2. júlí 2020](#).
14. Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2017/2241 frá 6. desember 2017 um framlengingu umbreytingartímabilanna sem tengjast kröfum vegna eiginfjárgrunns að því er varðar áhættuskuldbindingar vegna miðlægra mótaðila í reglugerðum Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 575/2013 og (ESB) nr. 648/2012, en með heimild í ákvæði til bráðabirgða I í lögum um fjármálafyrirtæki, nr. 161/2002, sbr. lög nr. 57/2015, vísast til enskrar útgáfu reglugerðarinnar í Stjórnartíðindum

Evrópusambandsins: <https://eur-lex.europa.eu/legal-content/EN/TXT/?uri=CELEX:32017R2241>, sem var tekin upp í EES-samninginn með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 64/2020 frá 30. apríl 2020.

21. Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2018/815 frá 1. júní 2018 um framlengingu umbreytingartímabilanna sem tengjast kröfum vegna eiginfjárgrunns að því er varðar áhættuskuldbindingar vegna miðlægra mótaðila í reglugerðum Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 575/2013 og (ESB) nr. 648/2012, en með heimild í ákvæði til bráðabirgða I í lögum um fjármálafyrirtæki, nr. 161/2002, sbr. lög nr. 57/2015, vísast til enskrar útgáfu reglugerðarinnar í Stjórnartíðindum Evrópusambandsins: <https://eur-lex.europa.eu/legal-content/EN/TXT/?uri=CELEX:32018R0815>, sem var tekin upp í EES-samninginn með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 64/2020 frá 30. apríl 2020.
22. Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2018/1889 frá 4. desember 2018 um framlengingu umbreytingartímabilanna sem tengjast kröfum vegna eiginfjárgrunns að því er varðar áhættuskuldbindingar vegna miðlægra mótaðila í reglugerðum Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 575/2013 og (ESB) nr. 648/2012, en með heimild í ákvæði til bráðabirgða I í lögum um fjármálafyrirtæki, nr. 161/2002, sbr. lög nr. 57/2015, vísast til enskrar útgáfu reglugerðarinnar í Stjórnartíðindum Evrópusambandsins: <https://eur-lex.europa.eu/legal-content/EN/TXT/?uri=CELEX%3A32018R1889>, sem var tekin upp í EES-samninginn með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 64/2020 frá 30. apríl 2020.

Eftirfarandi reglugerðir skulu gilda hér á landi:

1. Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2019/876 frá 20. maí 2019 um breytingu á reglugerð (ESB) nr. 575/2013 að því er varðar vogunarhlutfall, hlutfall stöðugrar nettófjármögnunar, kröfur um eiginfjárgrunn og hæfar skuldbindingar, útlánaáhættu mótaðila, markaðsáhættu, áhættuskuldbindingar gagnvart miðlægum mótaðilum, áhættuskuldbindingar gagnvart sjóðum um sameiginlega fjárfestingu, stórar áhættuskuldbindingar, skýrslugjafarskyldu og birtingarkröfur og reglugerð (ESB) nr. 648/2012, þó ekki ii- til v-, vii- og xii-liðir a-liðar 2. tölul., 29., 31., 38., 45. og 122. tölul. 1. gr. og 2. gr. reglugerðarinnar né fyrirmæli 8., 23., 27., 33., 35.-37., 39.-41., 47., 63., 101., 119., 128. og 129. tölul. 1. gr. reglugerðarinnar er varða hæfar skuldbindingar og skilavald og þannig að í stað dagsetningarinnar "28. desember 2020" í a-lið 7. efnismgr. 12. tölul. 1. gr. reglugerðarinnar kemur: 28. júní 2021. Með heimild í ákvæði til bráðabirgða I í lögum um fjármálafyrirtæki, nr. 161/2002, sbr. lög nr. 57/2015, vísast til enskrar útgáfu reglugerðarinnar í Stjórnartíðindum Evrópusambandsins: <https://eur-lex.europa.eu/legal-content/EN/TXT/?uri=CELEX:32019R0876>.
2. Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2020/873 frá 24. júní 2020 um breytingu á reglugerðum (ESB) nr. 575/2013 og (ESB) 2019/876 að því er varðar ákveðnar aðlaganir til að bregðast við COVID-19-heimsfaraldrinum. Reglugerðin er birt í fylgiskjali með reglugerð þessari.

Þrátt fyrir 1. gr. reglugerðar (ESB) 575/2013, sbr. 11. tölul. a 5. mgr. ~~92. gr., sbr. ennfreður~~ 32. gr. laga tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 2013/36/ESB, skulu þau ákvæði sem gilda hér á landi skv. 3. og 4. mgr. gilda um Evrópska Byggðastofnun ~~efnahagssvæðið~~ og nr. Lánasjóð ~~2/1993~~ sveitarfélaga ohf.

2. gr.

Skilgreiningar.

Í reglugerðinni er merking eftirfarandi hugtaka sem hér segir:

1. *Lánastofnun*: Fyrirtæki sem tekur á móti innlánum eða öðrum endurgreiðanlegum fjármunum frá almenningi og veitir lán fyrir eigin reikning. Fjármálafyrirtæki sem hefur fengið starfsleyfi skv. 1.-3. tölul. 1. mgr. 4. gr. laga nr. 161/2002, um fjármálafyrirtæki telst vera lánastofnun.

2. ~~Sjóðir um sameiginlega fjárfestingu: Sjóðir skv. lögum um verðbréfasjóði, fjárfestingarsjóði og fagfjárfestingsjóði, nr. 128/2011, sjóðir sem starfa innan Evrópska efnahagssvæðisins og sjóðir í ríkjum utan Evrópska efnahagssvæðisins sem lúta sambærilegum kröfum og sjóðir innan Evrópska efnahagssvæðisins.~~
3. *Opinber fyrirtæki og stofnanir*: Stjórnsýslustofnun sem ekki er rekin í hagnaðarskyni og sem er ábyrg gangvart ríkisstjórnnum, héraðsstjórnnum eða staðaryfirvöldum, eða yfirvöldum sem bera sömu ábyrgð og héraðs- og staðaryfirvöld, eða fyrirtæki sem ekki er rekið í hagnaðarskyni og er í eigu ríkisstjórna, héraðsstjórna eða staðaryfirvalda, eða sett á stofn og stutt af þeim, og sem samkomulag um beina ábyrgð gildir um og getur falið í sér sjálfstæðar stofnanir sem heyra undir lög og eru háðar opinberu eftirliti.
4. *Umsýsluaðili (e. sponsor)*: Fjármálafyrirtæki, annað en útgefandi, sem stofnar til og stýrir eignatryggðri skammtímabréfaútgáfu (e. *asset-backed commercial paper programme*) eða annarri verðbréfun sem kaupir áhættuskuldbindingar frá þriðja aðila.
5. *Móðurfélag*: Fyrirtæki telst vera móðurfélag þegar það:
- a. ræður yfir meiri hluta atkvæða í öðru fyrirtæki,
 - b. á eignarhluti í öðru fyrirtæki og hefur rétt til að tilnefna eða víkja frá meiri hluta stjórnarmanna eða stjórnenda,
 - c. á eignarhluti í öðru fyrirtæki og hefur rétt til að hafa ráðandi áhrif á starfsemi þess á grundvelli samþykktu fyrirtækisins eða samnings við það,
 - d. á eignarhluti í öðru fyrirtæki og ræður, á grundvelli samnings við aðra hluthafa eða eignaraðila, meiri hluta atkvæða í fyrirtækinu eða
 - e. á eignarhluti í öðru fyrirtæki og hefur ráðandi stöðu í því.
- Við mat á atkvæðisrétti og réttindum til að tilnefna eða víkja frá stjórnarmönnum eða stjórnendum skal leggja saman réttindi sem móðurfélag og dótturfélag ráða yfir.
- Við mat á atkvæðisrétti í dótturfélagi skal ekki talinn með atkvæðisréttur sem fylgir eigin hlutum dótturfélagsins eða dótturfélögum þess.
6. *Dótturfélag*: Dótturfélag samkvæmt lögum um fjármálafyrirtæki, nr. 161/2002, og sérhvert félag sem að mati Fjármálaeftirlitsins er undir verulegum áhrifum (e. *dominant influence*) móðurfélags.
7. *Útibú*: Starfsstöð sem lögum samkvæmt er háð fjármálafyrirtæki, sem hún er hluti af, og annast með beinum hætti öll eða hluta þeirra viðskipta sem fjármálafyrirtæki stundar.
8. *Fjármálastofnun*: Fyrirtæki, annað en fjármálafyrirtæki, sem hefur að meginstarfsemi að afla eignarhluta eða sinna einni eða fleiri tegundum starfsemi sem um getur í 2.-12. og 15. tölul. 1. mgr. 20. gr. laga nr. 161/2002, um fjármálafyrirtæki, þ.m.t. eignarhaldsfélög á fjármálasviði, blönduð eignarhaldsfélög og greiðslustofnanir í skilningi laga um greiðsluþjónustu, en að undanskildum eignarhaldsfélögum á váttryggingasviði og blönduðum eignarhaldsfélögum á váttryggingasviði eins og þau eru skilgreind í lögum um váttryggingastarfsemi.
9. *Hlutdeild*: Hlutdeild í skilningi fyrsta málsliðar 17. gr. fjórðu tilskipunar ráðsins 78/660/EBE frá 25. júlí 1978 um ársreikninga félaga af tiltekinni gerð, eða beinn eða óbeinn eignarhlutur sem nemur 20% eða meira af atkvæðisrétti eða eigin fé fyrirtækis.
10. *Virkur eignarhlutur*: Bein eða óbein hlutdeild í félagi sem nemur 10% eða meira af hlutafé, stofnfé eða atkvæðisrétti, eða gerir kleift að hafa veruleg áhrif á stjórnun viðkomandi félags.
11. *Yfirráð*: Tengsl milli móðurfélags og dótturfélags, eins og þau eru skilgreind í lögum um ársreikninga, eða sambærilegt samband milli einstaklings eða lögaðila og félags.
12. *Hópur tengdra viðskiptamanna*: Það telst hópur tengdra viðskiptamanna ef öðru eftirtalinna skilyrða er fullnægt:
- a. tveir eða fleiri einstaklingar eða lögaðilar sem, nema sýnt sé fram á annað, mynda eina áhættu vegna þess að einn þeirra hefur bein eða óbein yfirráð yfir hinum eða
 - b. tveir eða fleiri einstaklingar eða lögaðilar þar sem enginn einn hefur yfirráð yfir hinum, eins og skilgreint er í a-lið, en þeir teljast til sömu áhættu vegna þess að þeir eru svo fjárhagslega tengdir að líkur eru á að ef einn þeirra lendir í fjárhagserfiðleikum, einkum í tengslum við fjármögnun eða endurgreiðslu skulda, eigi hinn aðilinn eða allir í erfiðleikum með fjármögnun eða endurgreiðslu skulda.
13. *Eftirlitsstjórnvöld*: Opinbert stjórnvald eða aðili sem er opinberlega viðurkenndur samkvæmt landslögum og hefur sem liður í eftirlitskerfi viðkomandi aðildarríkis, valdbærni að lögum til að hafa eftirlit með

stofnunum.

15. *Seðlabankar seðlabankakerfis Evrópu*: Seðlabankar aðildarríkja sem eru aðilar að seðlabankakerfi Evrópu og Seðlabanki Evrópu.
16. *Seðlabankar*: Seðlabankar seðlabankakerfis Evrópu, seðlabankar á Evrópska efnahagssvæðinu og seðlabankar þriðju landa.
17. *Staða samstæðu*: Sú staða sem fæst með því að beita kröfum þessarar reglugerðar, í samræmi við 2. kafla II. bóls fyrsta hluta, gagnvart stofnun með þeim hætti sem gerir ráð fyrir að sú stofnun myndi, ásamt einum eða fleiri aðilum, eina stofnun.
18. *Samstæðugrunnur*: Á grundvelli stöðu samstæðunnar.
19. *Undirsamstæðugrunnur*: Á grundvelli stöðu samstæðu móðurstofnunar, eignarhaldsfélags á fjármálasviði eða blandaðs eignarhaldsfélags á fjármálasviði, að undanskilinni undireiningasamstæðu, eða á grundvelli stöðu samstæðu móðurstofnunar, eignarhaldsfélags á fjármálasviði eða blandaðs eignarhaldsfélags á fjármálasviði sem ekki er hin endanlega móðurstofnun, eignarhaldsfélag á fjármálasviði eða blandað eignarhaldsfélag á fjármálasviði.
20. *Fjármálagerningur*: Eitthvað af eftirfarandi:
 - a. samningur sem leiðir til bæði fjáreignar eins aðila og fjárskuldbindingar eða eiginfjárgernings annars aðila,
 - b. gerningur tilgreindur í 2. tölul. 1. mgr. 2. gr. laga um verðbréfavíðskipti, nr. 108/2007,
 - c. afleiddur fjármálagerningur,
 - d. grunnfjármálagerningur,
 - e. reiðufjárgerningur.

Gerningarnir sem um getur í a-, b- og c-lið eru eingöngu fjármálagerningar ef virði þeirra leiðir af verði undirliggjandi fjármálagernings eða annars undirliggjandi þáttar, hlutfalli eða vísitölu.
21. *Stofnframlag*: Fjárhæð og tegund þess skv. 14. og 14. gr. a laga um fjármálafyrirtæki.
22. *Rekstraráhætta (e. operational risk)*: Hætta á tapi sem leiðir af innri ferlum, starfsfólki og kerfum sem eru ófullnægjandi eða hafa brugðist, eða af ytri atburðum, að meðtalinni lagalegri áhættu.
23. *Þynningaráhætta (e. dilution risk)*: Hætta á að útistandandi fjárhæð rýrni vegna reiðufjárlána eða annarra lána á hendur lántakanda. Þynningaráhætta telst hluti af útlánaáhættu.
24. *Líkur á vanefndum (e. probability of default, PD)*: Líkur á vanefndum mótaðila yfir eins árs tímabil.
25. *Tap að gefnum vanefndum (e. loss given default, LGD)*: Hlutfall taps vegna greiðslufalls mótaðila af útistandandi heildarfjárhæð vegna greiðslufalls.
26. *Mildun útlánaáhættu (e. credit risk mitigation)*: Aðferð sem stofnun notar til að draga úr útlánaáhættu vegna einnar eða fleiri áhættuskuldbindinga í bókum sínum.
27. *Fjármögnuð útlánavörn (e. funded credit protection)*: Aðferð til mildunar útlánaáhættu, þar sem mildun útlánaáhættu vegna áhættuskuldbindingar stofnunar ákvarðast af rétti stofnunarinnar, ef um er að ræða vanefndir mótaðila eða aðra sérstaka lánaatburði sem tengjast mótaðilanum, til að innleysa, fá yfirfærðar eða taka til eignar, eða halda eftir tilteknum eignum eða fjárhæðum, eða lækka fjárhæð áhættuskuldbindingarinnar niður í, eða skipta henni út fyrir, fjárhæð mismunarins milli fjárhæðar áhættuskuldbindingarinnar og kröfu á stofnunina.
28. *Ófjármögnuð útlánavörn (e. unfunded credit protection)*: Aðferð til mildunar útlánaáhættu, þar sem mildun útlánaáhættu vegna áhættuskuldbindingar hjá stofnun ákvarðast af skuldbindingu þriðja aðila um að greiða fjárhæð ef um er að ræða vanefndir lántakanda eða aðra sérstaka lánaatburði.
29. *Verðbréfun (e. securitisation)*: Viðskiptasamningur eða kerfisfyrirkomulag þar sem útlánaáhætta tengd ákveðinni áhættuskuldbindingu eða safni áhættuskuldbindinga er skipt í áhættulög eignasafns og hefur bæði eftirfarandi einkenna:
 - a. greiðslur samkvæmt viðskiptasamningnum eða kerfisfyrirkomulaginu eru háðar afkomu og efnadum af áhættuskuldbindingunni eða safni áhættuskuldbindinga og
 - b. forgangsörðun áhættulaganna ákvarðar dreifingu taps á líftíma viðskiptasamningsins eða kerfisfyrirkomulagsins.
30. *Endurverðbréfun (e. re-securitisation)*: Verðbréfun þar sem áhætta tengd undirliggjandi safni áhættuskuldbindinga er lagskipt í hluta og að lágmarki ein undirliggjandi áhættuskuldbinding er verðbréfuð staða.
31. *Endurverðbréfuð staða*: Áhættuskuldbinding vegna endurverðbréfunar.

32. *Áhættulag (e. tranche)*: Samningsbundinn hluti útlánaáhættu tengdur áhættuskuldbindingu eða safni áhættuskuldbindinga þar sem staða í einu lagi leiðir af sér útlánaáhættu sem er meiri eða minni en staða í öðrum lögum safnsins sömu fjárhæðar, án þess að tekið sé tillit til útlánavarna sem þriðju aðilar veita beint til þeirra sem eiga stöður í laginu eða í öðrum lögum.
33. *Færsla á markaðsvirði*: Mat á stöðum á lokaverði sem auðvelt er að nálgast hjá óháðum aðilum, þ.m.t. verð á verðbréfamörkuðum, skjáverð eða markaðsverð frá nokkrum óháðum og virtum miðlurum.
34. *Færsla á líkansvirði*: Mat sem miða þarf út frá, framreikna eða á annan hátt reikna út frá einu eða fleiri söfnum markaðsgagna.
35. *Óháð verðsannprófun*: Ferlið við að sannprófa reglulega hvort markaðsverð eða gögn til færslu á líkansvirði séu rétt og óháð.
36. *Endurhverf viðskipti*: Samningur þar sem stofnun eða mótaðili hennar framselur verðbréf, hrávörur eða trygð réttindi, í tengslum við annað af eftirfarandi:
- a. eignarétt á verðbréfum eða hrávörum, ef viðurkennd kauphöll, sem á réttinn á verðbréfunum eða hrávörum, veitir viðkomandi ábyrgð og samningurinn heimilar ekki stofnun að framselja eða veðsetja tiltekið verðbréf eða hrávöru til fleiri en eins mótaðila í senn, með fyrirvara um skuldbindingu um endurkaup á þeim,
 - b. staðkvæmd verðbréf eða hrávörur á tilgreindu verði á ákveðnum degi síðar, sem framseljandi tilgreinir eða mun tilgreina, og er hér um að ræða endurhverf verðbréfakaup fyrir stofnunina sem selur verðbréfin eða hrávörunar og endurhverfa verðbréfasölu fyrir stofnunina sem kaupir þau.
37. *Opinbert viðmiðunargengi*: Opinbert viðmiðunargengi Seðlabanka Íslands eins og það er skráð á uppgjörsdegi.
38. *Viðskiptahúsnæði (e. commercial real estate)*: Með viðskiptahúsnæði er átt við verslunar- og skrifstofuhúsnæði og annað þjónustuhúsnæði sem auðvelt er að breyta notkun á.
39. *Stór áhættuskuldbinding*: Áhættuskuldbinding fjármálafyrirtækis vegna einstaks viðskiptamanns eða hóps tengdra viðskiptamanna telst vera stór áhættuskuldbinding ef hún nemur 10% eða meira af **hæfuþætti fjármagns** 1, sbr. 84. gr. a, 84. gr. b og 85. gr. laga um fjármálafyrirtæki, nr. 161/2002.
40. *Upphaflegur lánveitandi (e. original lender)*: Fjármálafyrirtæki sem upphaflega veitir lánveitingu beint til skuldara og síðar er verðbréfuð af útgefanda.
- Skilgreining eftirfarandi hugtaka á eingöngu við bálk II, III. hluta reglugerðarinnar:
1. *Áhættuskuldbinding (e. exposure)*: Notað um eignaliði og liði utan efnahags.
 2. *Vænt tap (e. expected loss, EL)* við mat á útlánaáhættu: Hlutfall þeirrar fjárhæðar sem vænta má að tapist yfir eins árs tímabil vegna hugsanlegra vanefnda mótaðila af útistandandi heildarfjárhæð þegar vanefndir verða.
- Önnur hugtök hafa sömu merkingu og í lögum um fjármálafyrirtæki, nr. 161/2002, eða 4. og 5. gr. reglugerðar (ESB) nr. 575/2013, sbr. 92. gr.

BÁLKUR II

3. gr.

Kröfur á samstæðugrunni.

Fjármálaeftirlitið ákvarðar á grundvelli 107. og 109. gr. laga um fjármálafyrirtæki, nr. 161/2002, hvernig samstæðum fjármálafyrirtækja, sbr. 2. og 3. tölul. 1. mgr. 1. gr. þessarar reglugerðar, ber að uppfylla kröfur hennar og hvernig samstæðurnar skulu afmarkaðar. Ákvörðun Fjármálaeftirlitsins skal samræmast 6.-24. gr. reglugerðar (ESB) nr. 575/2013, sbr. 92. gr.

II. HLUTI

Eiginfjárgrunnur.

BÁLKUR I

Eiginfjárgrunnur og hæft fjármagn.

4. gr.

Útreikningur eiginfjárgrunns.

Fjármálafyrirtæki skal reikna eiginfjárgrunn, eða eftir atvikum hæft fjármagn, í samræmi við X. kafla laga um fjármálafyrirtæki, nr. 161/2002.

Til viðbótar við kröfur 1. mgr. skulu útreikningar fjármálafyrirtækis á eiginfjárgrunni, eða eftir atvikum hæfu fjármagni, einnig samræmast ákvæðum 25.-80. gr. reglugerðar (ESB) nr. 575/2013, sbr. 92. gr.

Fjármagnsgerningar, sem fjármálafyrirtæki getur ákveðið einhliða að greiða vexti eða arð af með öðru en reiðufé eða eiginfjárgrunnsgerningum, geta ekki talist til eiginfjárgrunnsgerninga nema með fyrirframsamþykki Fjármálaeftirlitsins. Fjármálaeftirlitið skal veita slíkt samþykki uppfylli fjármagnsgerningarnir skilyrði skv. 2. mgr. 73. gr. reglugerðar (ESB) nr. 575/2013, sbr. 92. gr.

Fjármálafyrirtæki þarf fyrirframsamþykki Fjármálaeftirlitsins til að gera annað eða hvort tveggja af eftirfarandi:

1. Lækka, innleysa eða endurkaupa gerninga í almennu eigin fé þáttar 1 sem fjármálafyrirtæki hefur gefið út í samræmi við lög um hlutafélög.
2. Innkalla, innleysa, endurgreiða eða endurkaupa gerninga viðbótar eigin fjár þáttar 1 eða þáttar 2, eftir því sem við á, fyrir samningsbundinn gjalddaga þeirra.

Fjármálaeftirlitið skal veita samþykki sitt skv. 4. mgr. ef annað hvort eftirtalinna skilyrða er uppfyllt:

1. Fyrir aðgerð sem um getur í 4. gr., eða á sama tíma og hún á sér stað, skiptir fjármálafyrirtæki gerningunum sem um getur í 4. gr. út fyrir eiginfjárgrunnsgerninga af sömu gæðum eða betri, með skilmálum sem eru sjálfbærir hvað varðar tekjuhæfi fyrirtækisins, eða
2. Fjármálafyrirtækið hefur að mati Fjármálaeftirlitsins sýnt fram á með fullnægjandi hætti að eiginfjárgrunnur fyrirtækisins myndi, eftir viðkomandi aðgerð, vera umfram kröfurnar sem mælt er fyrir um í 1. mgr. 84. gr. laga um fjármálafyrirtæki, nr. 161/2002 og samanlagða eiginfjáraukakröfu eins og hún er skilgreind í 86. gr. a laga um fjármálafyrirtæki um sem nemur fjárhæð sem Fjármálaeftirlitið kann að telja nauðsynlega á grundvelli 6. mgr. 86. gr. g laga um fjármálafyrirtæki, sbr. a-lið 4. mgr. sama ákvæðis.

Til viðbótar við frádráttarliði skv. 85. gr. laga um fjármálafyrirtæki, nr. 161/2002, skulu fjármálafyrirtæki draga greiðsluflæðisvarnir (e. *cash flow hedges*) frá eiginfjárgrunni, skv. 33. gr. reglugerðar (ESB) nr. 575/2013, sbr. 92. gr. Fjármálafyrirtæki skal einnig draga leiðréttingar vegna varfærismats frá eiginfjárgrunni, skv. 34. gr. reglugerðar (ESB) nr. 575/2013, sbr. 92. gr.

BÁLKUR II

Hlutdeild minni hluta í almennu eigin fé þáttar 1, viðbótar eigin fé þáttar 1 eða í þætti 2 hjá dótturfélögum.

5. gr.

Útreikningur á hlutdeild minni hluta.

Við útreikning á hlutföllum skv. 1. mgr. 84. gr. laga um fjármálafyrirtæki, nr. 161/2002, skal taka tillit til hlutdeildar minni hluta í almennu eigin fé þáttar 1, viðbótar eigin fé þáttar 1 eða í þætti 2 hjá dótturfélögum.

Útreikningur á hlutdeild minni hluta í almennu eigin fé þáttar 1, viðbótar eigin fé þáttar 1 eða í þætti 2 hjá dótturfélögum skal samræmast ákvæðum 81.-88. gr. reglugerðar (ESB) nr. 575/2013, sbr. 92. gr.

BÁLKUR III**Hámark virkra eignarhluta.**

6. gr.

Útreikningur á hámarki virkra eignarhluta.

Fjármálafyrirtæki skal reikna hámark virkra eignarhluta í einstökum fyrirtækjum, sem ekki eru fjármálafyrirtæki eða fjármálastofnanir í samræmi við 28. gr. laga um fjármálafyrirtæki, nr. 161/2002.

Til viðbótar við kröfur 1. mgr. skulu útreikningar fjármálafyrirtækis á hámarki virkra eignarhluta í óskyldum rekstri einnig samræmast ákvæðum 89.-91. gr. reglugerðar (ESB) nr. 575/2013, sbr. 92. gr.

III. HLUTI

Eiginfjárkröfur.**BÁLKUR I****Almenn skilyrði, matsreglur og gagnaskil.**

1. KAFLI

1. þáttur**Hlutfall eiginfjárgrunns.**

7. gr.

Eiginfjárkröfur.

Eftirfarandi skilyrði gilda um einstaka þætti eiginfjárgrunns, sbr. 1. mgr. 84. gr. laga um fjármálafyrirtæki, nr. 161/2002:

1. Almennt eigið fé þáttar 1 skal, eftir frádrátt skv. 85. gr. laga um fjármálafyrirtæki, nema að lágmarki 4,5% af áhættugrunni.
2. Þáttur 1 skal, eftir frádrátt skv. 85. gr. laga um fjármálafyrirtæki, nema að lágmarki 6% af áhættugrunni.
3. Eiginfjárgrunnur í heild skal á hverjum tíma nema að lágmarki 8% af áhættugrunni.

8. gr.

Áhættugrunnur.

Áhættugrunnur er samtala eftirfarandi áhættuþátta:

1. Vegin útlánaáhætta og þynningaráhætta, skv. bálki II, 3. hluta og 379. gr. reglugerðar (ESB) nr. 575/2013, sbr. 92. gr.,
2. eiginfjárkröfur vegna stöðuáhættu fjármálagerninga og umframáhættu vegna stórra áhættuskuldbindinga í veltubók, skv. bálki IV eða 4. hluta reglugerðar (ESB) nr. 575/2013, sbr. 92. gr.,
3. eiginfjárkröfur vegna gjaldmiðlaáhættu, uppgjörsáhættu og hrávöruáhættu, skv. bálki IV eða bálki V, 3. hluta að undanskilinni 379. gr. reglugerðar (ESB) nr. 575/2013, sbr. 92. gr.,
4. eiginfjárkröfur vegna áhættu sem tengd er OTC afleiðusamningum vegna aðlögunar á útlánvirði, skv. bálki VI 3. hluta reglugerðar (ESB) nr. 575/2013, sbr. 92. gr.,
5. eiginfjárkröfur vegna rekstraráhættu, bálki III 3. hluta reglugerðar (ESB) nr. 575/2013, sbr. 92. gr. og,

6. vegin mótaðilaáhætta veltubókarviðskipta vegna afleiðusamninga og annarra flókinna fjármálagerninga, sem starfsemi fjármálafyrirtækis felur í sér, skv. bálki II 3. hluta reglugerðar (ESB) nr. 575/2013, sbr. 92. gr.

9. gr.

Undanþága vegna veltubókar.

Þrátt fyrir ákvæði b-liðar 8. gr. er þeim fyrirtækjum þar sem veltubók viðkomandi fyrirtækis fer ekki yfir viðmiðunarmörk skv. 2. mgr., heimilt að reikna út eigið fé í samræmi við ákvæði a-liðar 8. gr. fyrir eignir sem annars væru taldar sem hluti veltubókar fyrirtækisins.

Viðmiðunarmörk fyrir undanþágu frá ákvæðum um mat á áhættuvegnum skuldbindingum vegna liða í veltubók eru eftirfarandi:

1. Veltubókarstaða fyrirtækis er að jafnaði ekki umfram 5% af heildarstöðu fyrirtækisins og fer að jafnaði ekki yfir jafnvirði 15 milljónir evra í íslenskum krónum.
2. Veltubókarstaða fyrirtækis er aldrei yfir 6% af heildarstöðu fyrirtækisins og fer aldrei yfir jafnvirði 20 milljónir evra í íslenskum krónum.

Heildarstaða er samtala veltubókarstöðu og stöðu liða utan veltubókar. Við útreikning á heildarstöðu skal meta skuldaskjöl á markaðsvirði eða upprunalegu kaupverði, hlutabréf á markaðsvirði og afleiðusamninga skal meta miðað við markaðsvirði eða upprunalegt virði undirliggjandi fjármálagerninga. Við útreikning á veltubókarstöðu skal leggja saman gnóttstöður og skortstöður óháð formerkjum.

Fari fjármálafyrirtæki út fyrir önnur eða bæði þau viðmiðunarmörk sem tilgreind eru í 1. og 2. tl. 2. mgr. í lengri tíma ber því að meta veltubókarliði í samræmi við b-lið 8. gr. og tilkynna það Fjármálaeftirlitinu.

10. gr.

Eiginfjárkröfur verðbréfafyrirtækis sem ber takmarkaðar starfsskyldur og rekstrarfélags verðbréfasjóða.

Útreikninga á eiginfjárkröfum skv. 7. gr. skal aðlaga vegna starfsemi verðbréfafyrirtækis sem ber takmarkaðar starfsskyldur og rekstrarfélags verðbréfasjóða.

Hæft fjármagn verðbréfafyrirtækis sem ber takmarkaðar starfsskyldur og rekstrarfélags verðbréfasjóða skal, sbr. 84. gr. d laga um fjármálafyrirtæki nr. 161/2002, aldrei nema lægri fjárhæð en sem svarar til 25% af föstum rekstrarkostnaði síðasta reikningsárs.

Fjármálaeftirlitið getur heimilað undanþágu frá þessari kröfu ef grundvallarbreyting hefur orðið á starfsemi fyrirtækisins á milli ára. Á fyrsta starfsári verðbréfafyrirtækis sem ber takmarkaðar starfsskyldur og rekstrarfélags verðbréfasjóða skal hæft fjármagn þess ekki nema lægri fjárhæð en sem svarar til 25% af föstum rekstrarkostnaði samkvæmt rekstraráætlun starfsársins.

Áhættugrunnur verðbréfafyrirtækis sem ekki hefur starfsheimildir skv. c- og f-lið 1. tölul. 1. mgr. 25. gr. laga um fjármálafyrirtæki, verðbréfafyrirtækis sem ber takmarkaðar starfsskyldur og hefur starfsheimildir skv. b- og d-lið 1. tölul. 1. mgr. 25. gr. laga um fjármálafyrirtæki og rekstrarfélags verðbréfasjóða skal, sbr. 3. mgr. 84. gr. e sömu laga, reiknaður sem sú fjárhæð sem hærri er samkvæmt eftirfarandi tveimur tölulíðum:

1. áhættugrunnur skv. 8. gr. að undanskildum áhættugrunni vegna rekstraráhættu eða
2. fjárhæðin sem tilgreind er í 2. mgr. þessarar greinar margfölduð með stuðlinum 12,5.

Ef hlutafé verðbréfafyrirtækis skal nema jafnvirði 730 þúsund evra í íslenskum krónum skv. 14. gr. a laga um fjármálafyrirtæki skal áhættugrunnur þess reiknast sem samtala a- og b-liðar 3. mgr.

Verðbréfafyrirtæki skulu, auk ákvæða þessarar greinar, uppfylla kröfur 95.-98. gr. reglugerðar (ESB) nr. 575/2013, sbr. 92. gr., að teknu tilliti til starfsheimilda fyrirtækjanna.

2. þáttur

Gagnaskil.

11. gr.

Gagnaskil.

Fjármálafyrirtæki skulu senda til Fjármálaeftirlitsins eiginfjárskýrslu (COREP) auk skýrslna um fjárhagsupplýsingar (FINREP) og aðra efnisþætti í samræmi við 99.-101. gr. reglugerðar (ESB) nr. 575/2013, sbr. 92. gr., til Fjármálaeftirlitsins. Fjármálaeftirlitið ákveður tíðni og form þeirra gagnaskila.

3. þáttur**Veltubók.**

12. gr.

Skilyrði og kröfur vegna veltubókar.

Stöður í veltubók fjármálafyrirtækis skulu annaðhvort vera lausar við kvaðir varðandi seljanleika eða unnt að verja þær gegn áhættu.

Áform um veltubókarviðskipti skal byggjast á áætlunum, stefnu og verklagsreglum sem fyrirtækið setur til að halda utan um stöðuna eða eignasafnið í samræmi við 103. gr. reglugerðar (ESB) nr. 575/2013, sbr. 92. gr. þessarar reglugerðar.

Fyrirtæki skal koma á fót og viðhalda kerfum og stjórnækjum til að halda utan um veltubókina í samræmi við 104. og 105. gr. reglugerðar (ESB) nr. 575/2013, sbr. 92. gr. Allar stöður í veltubók skulu metnar með tilliti til varfærnisreglna sem tilgreindar eru í 105. gr. reglugerðar (ESB) nr. 575/2013. Samkvæmt reglunum ber fjármálafyrirtækjum að tryggja að það mat sem þau leggja á allar stöður í veltubók endurspegli markaðsvirðið á viðeigandi hátt. Matið skal byggt á viðeigandi vissu með tilliti til breytileika veltubókarstaða, kröfum um varfærni og traust auk starfsaðferða og eiginfjárkröfu vegna veltubókarliða. Endurmeta ber stöður í veltubók daglega. Ef markaðsverð er ekki tiltækt getur Fjármálaeftirlitið heimilað fjármálafyrirtækjum að nota aðrar matsaðferðir með því skilyrði að þær séu nægilega varfærnislegar og viðurkenndar af Fjármálaeftirlitinu.

Telja má innri baktryggingu/vörn til veltubókar í samræmi við 106. gr. reglugerðar (ESB) nr. 575/2013, sbr. 92. gr.

BÁLKUR II**Eiginfjárkröfur vegna útlánaáhhættu.**

1. KAFLI

Almenn skilyrði.

13. gr.

Útreikningur á eiginfjárkröfum vegna útlánaáhhættu.

Við útreikning á eiginfjárkröfum vegna útlánaáhhættu skal fjármálafyrirtæki annaðhvort nota staðalaðferð skv. 2. kafla þessa bálks eða, með leyfi Fjármálaeftirlitsins, innramatsaðferð skv. 3. kafla þessa bálks.

Fjármálafyrirtæki skal uppfylla kröfur 107.-110. gr. reglugerðar (ESB) nr. 575/2013, sbr. 92. gr., þar með talið vegna sértækra og almennra leiðréttinga vegna útlánaáhhættu.

Fjármálafyrirtæki sem notar staðalaðferð við útreikning á eiginfjárkröfum vegna útlánaáhhættu skal, auk 2. kafla þessa bálks fylgja ákvæðum 111.-141. gr. reglugerðar (ESB) nr. 575/2013, sbr. 92. gr.

Fjármálafyrirtæki sem fær heimild til að nota innramatsaðferð við útreikning á eiginfjárkröfum vegna útlánaáhhættu skal, auk 3. kafla þessa bálks fylgja ákvæðum 142.-191. gr. reglugerðar (ESB) nr. 575/2013, sbr. 92. gr.

2. KAFLI

Staðalaðferð.

14. gr.

Fjárhæð áhættuskuldbindinga.

Miða skal virði áhættuskuldbindingar við bókfært verð eftir sértækar og almennar leiðréttingar vegna útlánaáættu, nema annað sé tilgreint í þessum kafla. Vega skal sérhverja fjárhæð áhættuskuldbindingar með því að margfalda hana með áhættuvog sem ákvörðuð er eftir ákvæðum þessa kafla með hliðsjón af tegund áhættuskuldbindingarinnar sbr. 17. gr.

Reikna skal fjárhæð áhættuskuldbindinga utan efnahags skv. 15. gr. fyrir þá liði sem þar eru taldir upp.

Afleiður sem tilgreindar eru í 16. gr. skal meta eins og þar er lýst.

Fjárhæð áhættuskuldbindingar má endurmeta með hliðsjón af tryggingum og ábyrgðum skv. 4. kafla þessa bóks.

Verðbréfaðar stöður skal meta skv. 5. kafla þessa bóks.

Áhættuvog skal vera 100% nema annað leiði af ákvæðum þessa kafla.

Að undanskildum áhættuskuldbindingum sem fela í sér eignaliði sem teljast til eiginfjárgrunns mega áhættuskuldbindingar mótaðila innan sömu samstæðu og hlutaðeigandi fjármálafyrirtæki hafa 0% áhættuvog, að fengnu samþykki Fjármálaeftirlitsins. Við mat Fjármálaeftirlitsins skal tekið tillit til eftirfarandi skilyrða:

1. mótaðilinn er fjármálafyrirtæki, eignarhaldsfélag á fjármálasviði, fjármálastofnun eða fyrirtæki í hliðarstarfsemi í eðlilegu framhaldi af fjármálaþjónustu fjármálafyrirtækisins,
2. mótaðilinn er að fullu hluti af samstæðureikningsskilum fjármálafyrirtækisins,
3. mótaðilinn lýtur sama áhættumati, -mælingu og -stýringu og fjármálafyrirtækið,
4. mótaðilinn hefur staðfestu í sama ríki og fjármálafyrirtækið, og
5. hvorki eru kunnar eða fyrirséðar verulegar hömlur, lagalegar eða aðrar, á tilfærslu eigin fjár né endurgreiðslu frá mótaðilanum vegna skuldbindingarinnar til fjármálafyrirtækisins.

15. gr.

Liðir utan efnahags, breytistuðlar.

Virði áhættuskuldbindinga utan efnahags sem taldar eru í þessari grein skal reikna með því að margfalda fjárhæðir þessara liða hvers um sig með breytistuðlum eins og greinir hér á eftir. Þessar áhættuskuldbindingar eru greindar eftir tegund og fær fjárhæð samkvæmt þessari grein áhættuvog eftir reglum um viðkomandi tegund.

1. Mikil áhætta, breytistuðull 1,0:

- a. Ábyrgðir sem jafna má til beinna lána,
- b. skuldaafleiður,
- c. samþykktir víxlar,
- d. framsal á víxlum, þó ekki ef önnur lánastofnun hefur áritað um ábyrgð frammar á víxlinum,
- e. viðskipti með endurkröfurétti,
- f. óafturkræfar ábyrgðir sem jafna má til beinna lána,
- g. eignir keyptar samkvæmt framvirkum kaupsamningi,
- h. framvirk innlánsviðskipti,
- i. ógreiddur hluti í hlutabréfum og verðbréfum sem eru greidd að hluta,
- j. sölu- og endurkaupatryggingar þar sem lánaáættan helst hjá fyrirtækinu, og
- k. aðrir liðir með mikla áættu.

2. Miðlungsáhætta, breytistuðull 0,5:

- a. Útgefnað skjalaábyrgðir og staðfestar skjalaábyrgðir,
- b. ábyrgðir og tryggingar (þar með taldar tilboðs-, fullnustu-, tolla- og skattaábyrgðir) og ábyrgðir sem ekki verður jafnað til beinna lána,
- c. óafturkræfar bakábyrgðir sem ekki verður jafnað til beinna lána,

- d. ónotaðar lánsheimildir (skuldbindingar um að lána, kaupa verðbréf, afla trygginga eða samþykkis á víxla) upphaflega til lengri tíma en 1 árs,
- e. sölutryggingar vegna verðbréfaútgáfu og hlaupandi sölutryggingar vegna verðbréfa, og
- f. aðrir liðir með miðlungsáhættu.

3. *Miðlungs/lítill áhætta, breytistuðull 0,2:*

- a. Skjalaábyrgðir, þar sem vörusending er sett sem veð, og önnur áþekk viðskipti,
- b. ónotaðar lánsheimildir (skuldbindingar um að lána, kaupa verðbréf, afla trygginga eða samþykkis á víxla) upphaflega til allt að 1 árs sem ekki er hægt að segja upp skilyrðislaust án fyrirvara hvenær sem er eða sem ógildast ekki sjálfkrafa vegna minnkandi lánstrausts lántakanda, og
- c. aðrir liðir með miðlungs/litla áhættu.

4. *Lítill áhætta, breytistuðull 0,0:*

- a. Ónotaðar lánsheimildir (ónotaðar yfirdráttarheimildir, skuldbindingar um að lána, kaupa verðbréf, afla trygginga eða samþykkis á víxla) sem hægt er að segja upp skilyrðislaust án fyrirvara hvenær sem er eða sem ógildast sjálfkrafa vegna minnkandi lánstrausts lántakanda, og
- b. aðrir liðir með litla áhættu.

16. gr.

Flokkun liða utan efnahags.

Liðir utan efnahagsreiknings skulu flokkast samkvæmt neðangreindu. Þeir skulu metnir með hliðsjón af þeim aðferðum sem lýst er í 6. kafla þessa bálks. Fjármálafyrirtæki skal lýsa því yfir við Fjármálaeftirlitið hvaða aðferð það hyggst nota en rökstyðja breytingar sem síðar kunna að verða á þeirri ákvörðun. Fyrirtæki geta þó sótt um sérstakt leyfi Fjármálaeftirlitsins til þess að nota matsaðferð byggða á eigin líkönum (IMM).

Meta skal áhrif skuldskeytingar og annarrar samningsbundinnar skuldajöfnunar eins og lýst er í 6. kafla þessa bálks. Afleiður sem tilgreindar eru í 3. tölulið er ekki heimilt að meta með hliðsjón af upprunalegri áhættu.

1. *Vaxtasamningar:*

- a. Vaxtaskipti innan sama gjaldmiðils,
- b. grunn vaxtaskiptasamningar,
- c. framvirkir vaxtasamningar,
- d. staðlaðir framvirkir vaxtasamningar,
- e. keyptur valréttur að vöxtum, og
- f. aðrir svipaðir samningar.

2. *Gjaldmiðlasamningar og samningar varðandi gull:*

- a. Vaxtaskipti á milli gjaldmiðla,
- b. framvirkir gjaldmiðlasamningar,
- c. staðlaðir framvirkir gjaldmiðlasamningar,
- d. keyptur valréttur að erlendum gjaldeyri,
- e. aðrir svipaðir samningar, og
- f. samningar er varða gull, í eðli sínu svipaðir þeim sem um getur í a. til e. lið.

3. *Samningar sem eru í eðli sínu svipaðir þeim sem um getur í staflaðum a. til e. í 1. tl. og staflaðum a. til d. í*

2. tl., en miðast við aðra viðmiðunarliði eða vísitölur er varða:

- a. Hlutabréf,
- b. góðmálma, að gulli undanskildu,
- c. aðrar hrávörur en góðmálma, og
- d. aðra eðlislika samninga.

Afleiðusamningar sem eru bæði með vaxta- og gjaldmiðlaviðmiðanir skulu flokkast sem gjaldmiðlasamningar við útreikning á áhættuvegnum áhættuskuldbindingum.

17. gr.

Flokkun áhættuskuldbindinga.

Sérhverja áhættuskuldbindingu skal flokka í einhverja af eftirfarandi tegundum áhættuskuldbindinga:

- 1. Eignaliður sem er krafa á eða með ábyrgð ríkja og seðlabanka,

2. eignaliður sem er krafa á eða með ábyrgð héraðs- og sveitarstjórna,
3. eignaliður sem er krafa á eða með ábyrgð opinberrar stofnunar og fyrirtækja sem rekin eru með öðrum markmiðum en að hámarka hagnað,
4. eignaliður sem er krafa á eða með ábyrgð fjölþjóða þróunarbanka,
5. eignaliður sem er krafa á eða með ábyrgð alþjóðastofnana,
6. eignaliður sem er krafa á eða með ábyrgð fjármálafyrirtækis,
7. eignaliður sem er krafa á eða með ábyrgð fyrirtækja,
8. eignaliður sem er krafa á eða með ábyrgð einstaklinga og lítilla og meðalstórra fyrirtækja (smásölu áhættuskuldbindingar),
9. eignaliður sem er krafa tryggð með fasteignaveði,
10. vanefndir,
11. eignaliðir í skilgreindum háum áhættuflokkum,
12. eignaliðir sem eru sértryggð skuldabréf,
13. verðbréfaðar stöður,
14. áhættuskuldbindingar gagnvart fjármálafyrirtækjum og fyrirtækjum með skammtímalánshæfismat,
15. sjóðir um sameiginlega fjárfestingu,
16. hlutabréf, önnur hlutdeild í félögum og aðrar áhættuskuldbindingar.

18. gr.

Ríki og seðlabankar.

Áhættuskuldbindingar ríkja og seðlabanka (tegund 1) hafa áhættuvog 100% nema kveðið sé á um annað í þessari grein.

Áhættuvog ríkja og seðlabanka sem hafa lánshæfismat frá tilnefndu lánshæfismatsfyrirtæki skal vera eins og sýnt er í eftirfarandi töflu:

Ríki og seðlabankar

Prep útlánagæða	1	2	3	4	5	6
Áhættuvog	0%	20%	50%	100%	100%	150%

Áhættuskuldbindingar í íslenskum krónum gagnvart íslenska ríkinu og Seðlabanka Íslands hafa áhættuvogina 0%. Áhættuskuldbindingar annarra ríkja og seðlabanka annarra aðildarríkja Evrópska efnahagssvæðisins, sem gefnar eru út og fjármagnaðar í heimamynt ríkisins, hafa, fram til 31. desember 2017 áhættuvogina 0%, en skulu eftir það fá áhættuvog í samræmi við 6. mgr. 114. gr. reglugerðar (ESB) nr. 575/2013, sbr. 92. gr. Sama gildir um Seðlabanka Evrópu. Heimili eftirlitsstjórnvöld í ríki utan Evrópska efnahagssvæðisins lægri áhættuvog en leiðir af 1. og 2. mgr. á áhættuskuldbindingar þess ríkis, getur Fjármálaeftirlitið ákveðið að nota megi þá áhættuvog, enda séu reglur og eftirlit í því ríki hliðstæð því sem er innan Evrópska efnahagssvæðisins.

19. gr.

Héraðs- og sveitarstjórnir.

Áhættuskuldbindingar vegna héraðs- og sveitarstjórna (tegund 2) hafa sömu áhættuvog og áhættuskuldbindingar fjármálafyrirtækja nema kveðið sé á um annað í þessari grein.

Áhættuskuldbindingar vegna héraðs- og sveitarstjórna hafa sömu áhættuvog og áhættuskuldbindingar ríkja viðkomandi héraðs- og sveitarstjórna, ef enginn munur er á áhættu ríkisins og héraðs- og sveitarstjórnanna vegna sjálfstæðra heimilda þeirra til öflunar skatttekna og sérstakra ráðstafana til að draga úr líkum á vanefndum.

Ákvæði 2. mgr. eiga við um héraðs- og sveitarstjórnir innan Evrópska efnahagssvæðisins og, eftir atvikum, utan þess, enda séu reglur og eftirlit í því ríki hliðstæð því sem er innan Evrópska efnahagssvæðisins.

Áhættuskuldbindingar héraðs- og sveitarstjórna, sem gefnar eru út og fjármagnaðar í heimamynt þeirra, hafa áhættuvogina 20%.

20. gr.

Opinberar stofnanir og fyrirtæki.

Áhættuskuldbindingar vegna opinberra stofnana og fyrirtækja sem ekki hafa fengið lánshæfismat, skulu hafa áhættuvog í samræmi við þrep útlánagæða í því ríki sem þau hafa staðfestu, eins og sýnt er í eftirfarandi töflu:

Opinberar stofnanir og fyrirtæki

Þrep útlánagæða ríkis	1	2	3	4	5	6
Áhættuvog	20%	50%	100%	100%	100%	150%

Opinberar stofnanir og fyrirtæki (tegund 3) í ríkjum sem ekki hafa lánshæfismat fá áhættuvog 100%.

Meta skal áhættuskuldbindingar opinberra stofnana og fyrirtækja á Íslandi sem hafa lánshæfismat eins og áhættuskuldbindingar fjármálafyrirtækja sem hafa lánshæfismat, sbr. 1. og 2. mgr. 22. gr. Þó má ekki meta skammtímaskuldbindingar þessara fyrirtækja eins og skammtímaskuldbindingar fjármálafyrirtækja.

Áhættuskuldbindingar vegna opinberra stofnana og fyrirtækja með upphaflegan líftíma (e. *original maturity*) sem er þrír mánuðir eða skemmri hafa 20% áhættuvog.

Í undantekningartilvikum er hægt að meta áhættuskuldbindingar vegna opinberra stofnana og fyrirtækja í samræmi við áhættuskuldbindingar þess ríkis sem þau hafa staðfestu ef enginn munur er á áhættu ríkisins og áhættu viðkomandi opinberra stofnana og fyrirtækja vegna ábyrgðar ríkisins.

Heimili eftirlitsstjórnvöld í ríkjum utan Evrópska efnahagssvæðisins að meta megi opinberar stofnanir og fyrirtæki með sama hætti og í 1. mgr. má áhættuvega áhættuskuldbindingar þessara stofnana á sama hátt, enda sé regluverk og fjármálaeftirlit með sambærilegum hætti og í ríkjum Evrópska efnahagssvæðisins.

21. gr.

Fjölpjóða þróunarbankar og alþjóðastofnanir.

Áhættuskuldbindingar eftirtalinna fjölpjóða þróunarbanka (tegund 4) hafa áhættuvog 0%:

1. Alþjóðabankinn (*the International Bank for Reconstruction and Development*),
2. Alþjóðalánastofnunin (*the International Finance Corporation*),
3. Þróunarbanki Ameríkuríkja (*the Inter-American Development Bank*),
4. Þróunarbanki Asíu (*the Asian Development Bank*),
5. Þróunarbanki Afríku (*the African Development Bank*),
6. Þróunarbanki Evrópuráðsins (*the Council of Europe Development Bank*),
7. Norræni fjárfestingarbankinn (*the Nordic Investment Bank*),
8. Karíbaþróunarbankinn (*the Caribbean Development Bank*),
9. Endurreisnar- og þróunarbanki Evrópu (*the European Bank for Reconstruction and Development*),
10. Fjárfestingarbanki Evrópu (*the European Investment Bank*),
11. Fjárfestingarsjóður Evrópu (*the European Investment Fund*),
12. Fjölpjóðlega fjárfestingarábyrgðarstofnunin (*the Multilateral Investment Guarantee Agency*),
13. Alþjóðlegi ónæmisáðgerðasjóðurinn (*the International Finance Facility for Immunisation*), og
14. Íslamski þróunarbankinn (*the Islamic Development Bank*).

Aðrir fjölpjóða þróunarbankar, þar á meðal Fjárfestingalánastofnun Ameríkuríkja (*the Inter-American Investment Corporation*), Viðskipta- og þróunarbanki Svartahafsins (*the Black Sea Trade and Development Bank*), Þróunarbanki Mið-Ameríkuríkja (*Central American Bank for Economic Integration*) og CAF-Þróunarbanki Suður-Ameríku (*CAF-Development Bank of Latin America*), skulu metnir eins og fjármálafyrirtæki, sbr. 22. gr.

Skammtímaskuldbindingar fjölpjóða þróunarbanka, til skemmri tíma en þriggja mánaða, fá sömu áhættuvog og langtímaskuldbindingar.

Áhættuskuldbindingar Evrópusambandsins (*the Union*), Alþjóðagjaldeyrissjóðsins (*the International Monetary Fund*) og Alþjóðagreiðslubankans (*the Bank for International Settlements*), Evrópska fjármálastöðugleikasjóðsins (*the European Financial Stability Facility*), Evrópska stöðugleikakerfisins (*the European Stability Mechanism*) og annarra alþjóðlegra stofnana sem komið er á fót af tveimur eða fleiri ríkjum Evrópska efnahagssvæðisins til að veita aðilum innan þeirra vébanda fjárstuðning vegna verulegra fjárhagsvandráða (tegund 5) hafa áhættuvog 0%.

22. gr.

Fjármálafyrirtæki.

Áhættuskuldbindingar fjármálafyrirtækja (tegund 6) sem hafa lánshæfismat fá áhættuvog samkvæmt eftirfarandi töflu, ef eftirstöðvatími er meiri en þrír mánuðir:

Áhættuskuldbindingar til lengri tíma en þriggja mánaða

Þrep útlánagæða fyrir heimaríki	1	2	3	4	5	6
Áhættuvog	20%	50%	50%	100%	100%	150%

Áhættuskuldbindingar fjármálafyrirtækja sem hafa lánshæfismat fá áhættuvog samkvæmt eftirfarandi töflu, ef eftirstöðvatími er minni en þrír mánuðir:

Áhættuskuldbindingar til skemmri tíma en þriggja mánaða

Þrep útlánagæða fyrir heimaríki	1	2	3	4	5	6
Áhættuvog	20%	20%	20%	50%	50%	150%

Við útreikning á áhættuvog áhættuskuldbindinga fjármálafyrirtækja til skemmri tíma en þriggja mánaða samkvæmt ofangreindri töflu, skal tekið tillit til 31. gr. Sé misræmi á milli ofangreindrar töflu og töflu skv. 31. gr., skal við útreikning höfð hliðsjón af 3. mgr. 120. gr. reglugerðar (ESB) nr. 575/2013, sbr. 92. gr.

Áhættuskuldbindingar fjármálafyrirtækja (tegund 7) sem ekki hafa lánshæfismat fá áhættuvog samkvæmt þrepi útlánagæða í heimaríki þeirra:

Áhættuskuldbindingar fjármálafyrirtækja án lánshæfismats

Þrep útlánagæða fyrir heimaríki	1	2	3	4	5	6
Áhættuvog	20%	50%	100%	100%	100%	150%

Hafi heimaríkið ekki lánshæfismat skal áhættuvog fjármálafyrirtækisins vera 100%.

Skammtíma áhættuskuldbindingar fjármálafyrirtækja án lánshæfismats með upphaflegan líftíma innan þriggja mánaða hafa áhættuvog 20%.

Hlutfé í fjármálafyrirtækjum hefur áhættuvog 100%, þrátt fyrir ákvæði þessarar greinar, enda dregst það ekki frá eiginfjárgrunni.

23. gr.

Fyrirtæki.

Áhættuskuldbindingar fyrirtækja (tegund 8) sem ekki falla undir 22. gr. (um fjármálafyrirtæki) og ekki hafa lánshæfismat hafa áhættuvog 100%. Hafi heimaríki fyrirtækisins hærri áhættuvog (sbr. áhættutegund 1) skal hún þó einnig notuð fyrir fyrirtækið.

Hafi áhættuskuldbindingin lánshæfismat fær hún áhættuvog eins og eftirfarandi tafla sýnir:

Fyrirtæki

Þrep útlánagæða	1	2	3	4	5	6
Áhættuvog	20%	50%	100%	100%	150%	150%

24. gr.

Einstaklingar, lítill og meðalstór fyrirtæki.

Áhættuskuldbindingar einstaklinga, lítilla og meðalstórra fyrirtækja (tegund 9) mega hafa áhættuvog 75%, ef þær uppfylla öll eftirtalin skilyrði:

1. Áhættuskuldbindingin sé gagnvart einstaklingi eða einstaklingum, eða litlu eða meðalstóru fyrirtæki (SME),

2. áhættuskuldbindingin sé ein margra hliðstæðra áhættuskuldbindinga með svipuð einkenni, þannig að áhætta af safninu sé verulega minni að tiltölu en af einstökum áhættuskuldbindingum,
3. ádregin heildaráhættuskuldbinding viðskiptamanns eða hóps tengdra viðskiptamann sem hann tilheyrir gagnvart fjármálafyrirtæki og tengdum aðilum í samstæðu sem fjármálafyrirtækið tilheyrir, að meðtöldum áhættuskuldbindingum í vanskilum, má ekki vera meiri en jafnvirði 1 milljónar evra miðað við opinbert viðmiðunargengi evru eins og það er á hverjum tíma, að undanskildum áhættuskuldbindingum með veði í íbúðarhúsnæði.

Markaðsverðbréf (e. *securities*) geta ekki talist til þessarar tegundar.

25. gr.

Fasteignaveðlán.

Fasteignaveðlán hafa áhættuvog 100% nema kveðið sé á um annað í þessari grein.

Áhættuvog 35% má nota á lán tryggð að fullu með veði í fullbúnu íbúðarhúsnæði á Íslandi, sem er eða mun verða notað af eiganda húsnæðisins til íbúðar eða útleigu. Þetta á við um lán eða hluta láns sem er innan 80% af fasteignamati Fasteignamats ríkisins eða markaðsverði, eftir því hvort reynist lægra. Heimilt er með samþykki Fjármálaeftirlitsins að nota annað kerfisbundið mat en fasteignamat Fasteignamats ríkisins enda uppfylli það kröfur sem tilgreindar eru í 3. mgr. 125. gr. reglugerðar (ESB) nr. 575/2013, sbr. 92. gr. Þessa áhættuvog má einnig nota á lán tryggð með veði í íbúðarhúsnæði í öðrum aðildarríkjum Evrópska efnahagssvæðisins ef reglur í viðkomandi aðildarríki leyfa.

Forsendur þess að nota megi 35% áhættuvog eru þessar:

1. að verðmæti eignarinnar sé ekki háð lánshæfi lántakanda. Þetta ákvæði á ekki við þegar um er að ræða þjóðhagslegar breytingar sem hafa áhrif á bæði verðmæti eignarinnar og greiðslugetu lántakanda,
2. að greiðslugeta lántakanda sé ekki verulega háð tekjum af eigninni, og
3. að fylgt sé ákvæðum 208. og 229. gr. reglugerðar (ESB) nr. 575/2013, sbr. 92. gr., um form og mat á veðinu.

Áhættuvog 50% má nota á lán tryggð að fullu með veði í viðskiptahúsnæði á Íslandi. Þetta á við um lán eða hluta láns sem er innan 50% af fasteignamati Fasteignamats ríkisins eða markaðsverði eftir því hvort reynist lægra. Heimilt er með samþykki Fjármálaeftirlitsins að nota annað kerfisbundið mat en fasteignamat Fasteignamats ríkisins enda uppfylli það kröfur sem tilgreindar eru í 3. mgr. 126. gr. reglugerðar (ESB) nr. 575/2013, sbr. 92. gr. Það sem umfram er fær áhættuvog 100%. Þessa áhættuvog má einnig nota á lán tryggð með veði í viðskiptahúsnæði í öðrum aðildarríkjum Evrópska efnahagssvæðisins ef reglur í viðkomandi aðildarríki leyfa.

Forsendur þess að nota megi 50% áhættuvog eru þessar:

1. að verðmæti eignarinnar sé ekki háð lánshæfi lántakanda. Þetta ákvæði á ekki við þegar um er að ræða þjóðhagslegar breytingar sem hafa áhrif á bæði verðmæti eignarinnar og greiðslugetu lántakanda,
2. að greiðslugeta lántakanda sé ekki verulega háð tekjum af eigninni,
3. að fylgt sé ákvæðum 208. og 229. gr. reglugerðar (ESB) nr. 575/2013, sbr. 92. gr. um form og mat á veðinu.

Fjármálaeftirlitinu er heimilt, sbr. 6. mgr. 84. gr. e laga um fjármálafyrirtæki, nr. 161/2002, að mæla fyrir hærri áhættuvogum en fram koma í 1.-5. mgr. Nýti Fjármálaeftirlitið sér þá heimild, skal ákvörðun stofnunarinnar samræmast 124.-126. gr. reglugerðar (ESB) nr. 575/2013, sbr. 92. gr.

26. gr.

Vanefndir vegna áhættuskuldbindinga.

Ótryggður hluti hvernar áhættuskuldbindingar gagnvart skuldara í vanefndum (e. *default*) skv. 178. gr. reglugerðar (ESB) nr. 575/2013, sbr. 92. gr. eða ótryggður hluti lánaþyrirgreiðslna (e. *credit facility*) gagnvart fyrirtækjum í vanefndum skv. 178. gr. sömu reglugerðar, skal hafa aðra hvora af eftirfarandi áhættuvogum:

1. 150%, ef sértæk leiðrétting útlánaáhattu, þ.e. niðurfærsla, er lægri en 20% af ótryggðum hluta fjárhæðarinnar (e. *exposure value*) án niðurfærslunnar.
2. 100%, ef sértæk leiðrétting útlánaáhattu, þ.e. niðurfærsla, er 20% eða hærri af ótryggðum hluta fjárhæðarinnar án niðurfærslunnar.

Við mat á vanefndum skv. 1. mgr. skal m.a. tekið tillit til þess hvort krafa hafi verið lengur en 90 daga í vanskilum (e. *past due*), sbr. 178. gr. reglugerðar (ESB) nr. 575/2013.

Tryggður hluti kröfu í vanefndum er skilgreindur sem sá hluti sem tryggður er með viðurkenndum veðum og ábyrgðum samkvæmt ákvæðum 4. kafla þessa bálks, um mildun útlánaáættu.

Lán með veði í íbúðarhúsnæði, sem uppfylla skilyrði 2. og 3. mgr. 25. gr., fá að frádreginni niðurfærslu 100% áhættuvog komi til vanefnda skv. 178. gr. reglugerðar (ESB) nr. 575/2013, sbr. 92. gr.

Lán með veði í viðskiptahúsnæði, sem uppfylla skilyrði 4. og 5. mgr. 25. gr., fá að frádreginni niðurfærslu 100% áhættuvog komi til vanefnda skv. 178. gr. reglugerðar (ESB) nr. 575/2013, sbr. 92. gr.

27. gr.

Sérlega áhættusamar kröfur.

Sérlega áhættusamar kröfur, t.d. sprota- og framtaksfjárfestingar (e. *venture capital and private equity investments*), fá áhættuvog 150% í samræmi við 128. gr. reglugerðar (ESB) nr. 575/2013, sbr. 92. gr.

28. gr.

Sértryggð skuldabréf.

Sértryggð skuldabréf eru skuldabréf sem gefin eru út af fjármálafyrirtækjum á Íslandi, eða í öðrum löndum Evrópska efnahagssvæðisins og sem lögum samkvæmt eru háð sérstöku eftirliti með það að markmiði að vernda kaupendur bréfanna. Fé það sem fæst með útgáfu skuldabréfanna skal fjárfesta í eignum sem tryggt er að standi undir áhættuskuldbindingunni út líftíma skuldabréfsins, bæði eftirstöðvum og áföllnum vöxtum, ef greiðslufall verður hjá útgefanda.

Sértryggð skuldabréf skulu tryggð með veði í einhverjum eftirfarandi eigna:

1. Kröfum á eða með ábyrgð ríkja, seðlabanka, opinberra stofnana eða fyrirtækja, héraðs- eða sveitarstjórna innan Evrópska efnahagssvæðisins,
2. kröfum á eða með ábyrgð ríkja, seðlabanka, opinberra stofnana eða fyrirtækja, héraðs- eða sveitarstjórna utan Evrópska efnahagssvæðisins, auk eigna sem eru kröfur á eða með ábyrgð fjölþjóða þróunarbanka enda séu þær flokkaðar í 1. þepi útlánagæða. Fjárhæð sértryggðra skuldabréfa sem tryggð eru með veði í þessum eignum má ekki vera hærri en 20% af nafnfjárhæð (e. *nominal amount*) útistandandi sértryggðra skuldabréfa útgefanda,
3. kröfum á eða með ábyrgð fjármálafyrirtækja sem flokkuð eru í 1. þep útlánagæða. Fjárhæð sértryggðra skuldabréfa sem tryggð eru með veði í þessum eignum má ekki vera hærri en 15% af nafnfjárhæð útistandandi sértryggðra skuldabréfa útgefanda,
4. veðlánnum í íbúðarhúsnæði þar sem heildarveðhlutfall í eigninni er 80% eða lægra,
5. veðlánnum í viðskiptahúsnæði þar sem heildarveðhlutfall í eigninni er 60% eða lægra. Heildarveðhlutfall má vera 70% ef heildarvirði tryggðra eigna er 10% hærri en höfuðstóll skuldabréfsins,
6. veðlánnum í skipum þar sem heildarveðhlutfall er 60% eða lægra.

Ef húsnæðisveðlán eru notuð til tryggingar ber útgefanda að fylgja ákvæðum í 208. gr. og 1. mgr. 229. gr. reglugerðar (ESB) nr. 575/2013, sbr. 92. gr., um form og mat á veðinu.

Sértryggð skuldabréf sem hafa lánshæfismat fá áhættuvog eins og eftirfarandi tafla sýnir:

Sértryggð skuldabréf með lánshæfismat

Þrep útlánagæða	1	2	3	4	5	6
Áhættuvog	10%	20%	20%	50%	50%	100%

Sértryggð skuldabréf fá áhættuvog á grundvelli þeirra áhættuvoga sem ótryggðar forgangskröfur (e. *senior unsecured exposures*) á útgefandann hafa samkvæmt eftirfarandi:

1. Ef kröfurnar hafa áhættuvog 20% fá sértryggð skuldabréf áhættuvog 10%,
2. ef kröfurnar hafa áhættuvog 50% fá sértryggð skuldabréf áhættuvog 20%,
3. ef kröfurnar hafa áhættuvog 100% fá sértryggð skuldabréf áhættuvog 50%,
4. ef kröfurnar hafa áhættuvog 150% fá sértryggð skuldabréf áhættuvog 100%.

29. gr.

Verðbréfaðar stöður.

Verðbréfaðar stöður fá áhættuvog samkvæmt ákvæðum 5. kafla þessa bálks.

30. gr.

Áhættuskuldbindingar gagnvart fjármálafyrirtækjum og fyrirtækjum með skammtímaláns hæfismat.

Hafi áhættuskuldbinding fjármálafyrirtækis eða annars fyrirtækis skammtímaláns hæfismat fær hún áhættuvog eins og eftirfarandi tafla sýnir:

Fjármálafyrirtæki og önnur fyrirtæki með skammtímaláns hæfismat

Þrep útlánagæða	1	2	3	4	5	6
Áhættuvog	20%	50%	100%	150%	150%	150%

31. gr.

Sjóðir um sameiginlega fjárfestingu.

Hlutdeildarskírteini Um áhættuskuldbindingar og áhættuvogir vegna hlutdeildarskírteina eða hlutir hluta í sjóðum um sameiginlega fjárfestingu hafa fer áhættuvog 100% nema kveðið sé á um annað í þessari grein skv.

Hafi sjóðurinn láns hæfismat fær hann áhættuvog eins og eftirfarandi tafla sýnir:

- Sjóðir um sameiginlega fjárfestingu -

Þrep útlánagæða	1	2	3	4	5	6
Áhættuvog	20%	50%	100%	100%	150%	150%

Fjármálacftirlitið getur ákveðið að hlutdeildarskírteini eða hlutir í sjóðum um sameiginlega fjárfestingu fái áhættuvog 150% ef áhættuskuldbindingin er talin sérlega áhættusöm, sbr. 27 132.-132. gr.

Hafi sjóður um sameiginlega fjárfestingu í ríki utan Evrópska efnahagssvæðisins hlotið viðurkenningu eftirlitsaðila innan Evrópska efnahagssvæðisins í samræmi við skilyrði 5. mgr. getur Fjármálacftirlitið ákveðið að viðurkenna sjóðinn án þess að framkvæma eigið mat.

Fjármálafyrirtæki mega ákveða áhættuvog fyrir sjóð um sameiginlega fjárfestingu skv. 6., 7. eða 8. mgr. ef hann uppfyllir eftirfarandi skilyrði:

1. Sjóðurinn er rekinn af eftirlitsskyldum aðila innan Evrópska efnahagssvæðisins eða hann hefur hlotið viðurkenningu Fjármálacftirlitsins,
2. í kynningarskjali/útboðslýsingu komi fram í hvaða eignum sjóðnum er heimilt að fjárfesta, hvaða fjárfestingartakmörk gilda, hlutföll þeirra og reikningsaðferðir á hlutföllum, og
3. gerður sé efnahags- og rekstrarreikningur a.m.k. einu sinni á ári til að hægt sé að meta eignir hans og skuldir, tekjur og rekstur yfir tímabilið.

Séu undirliggjandi eignir sjóðs um sameiginlega fjárfestingu þekktar má nota áhættuvog sem er meðaltal áhættuvoga eignanna reiknaðar samkvæmt staðalaðferð.

~~Séu undirliggjandi eignir sjóðs um sameiginlega fjárfestingu óþekktar má nota áhættuvog sem er meðaltal áhættuvoga eignanna reiknaðar samkvæmt staðalaðferð miðað við að sjóðurinn hafi fjárfest í samræmi við staðfesta fjárfestingarstefnu í eftirfarandi röð: að hámarki samkvæmt hæsta áhættuflokki og síðan í lækkandi áhættuflokkum.~~

~~Nota má áhættuvog sem metin er af þriðja aðila vegna 6. og 7. mgr., svo fremi að hægt sé að tryggja áreiðanleika þess mats í samræmi við 5. mgr. 132. gr. c reglugerðar (ESB) nr. 575/2013, sbr. 92. gr.~~

32. gr.

Hlutabréf og önnur hlutdeild í félögum.

Hlutabréf og önnur hlutdeild í félögum fá að lágmarki 100% áhættuvog í samræmi við 133. gr. reglugerðar (ESB) nr. 575/2013, sbr. 92. gr, enda séu eignirnar ekki dregnar frá eiginfjárgrunni.

33. gr.

Aðrir liðir.

Efnislegar eignir fá áhættuvog 100%.

Fyrirframgreiðslur og fyrirfram innheimtar tekjur, þar sem ekki er hægt að ákveða hver mótaðilinn er, fá áhættuvog 100%.

Reiðufé sem er í innheimtuferli fær áhættuvog 20% en annað reiðufé fær áhættuvog 0%. Gullstengur í eigin vörslu eða eignir tryggðar með gullstöngum fá áhættuvog 0%. Þegar um er að ræða sölu- og endurkaupasamninga og bein framvirk kaup fá áhættuskuldbindingarnar áhættuvog viðkomandi eigna en ekki mótaðilans.

Þegar fjármálafyrirtæki veitir útlánavörn fyrir stöðu með þeim skilmálum að *n-ta* vanefndin meðal staðanna skapi greiðsluskyldu og jafnframt að þessi vanefnd bindi enda á samninginn, og svo framarlega sem afurðin hefur láns hæfismat, skal notast við ákvæði 5. kafla þessa bálks, um verðbréfaðar stöður. Hafi afurðin ekki láns hæfismat ber að leggja saman áhættuvogir staðanna í körfunni, að undanskildum *n-1* stöðum, upp að hámarki 1250% og margfalda með nafnverði stöðunnar sem varin er til að finna áhættuvegna stöðufjárhæð. Þær *n-1* stöður sem undanskilja skal úr samlagningunni skulu vera þær stöður sem hver um sig leiðir til lægri áhættuveginnar stöðu en nokkur áhættuvegin staða sem tekin er með í samlagninguna.

Virði áhættuskuldbindingar vegna eignarleigusamninga skal vera núvirði lágmarksleigugreiðslna. Með lágmarksleigugreiðslu er átt við greiðslur sem leigutaki ber eða getur verið krafinn um að greiða á leigutímanum ásamt vildarkjörum. Tryggt lokavirði, sem uppfyllir skilyrði 201. gr. reglugerðar (ESB) nr. 575/2013, sbr. 92. gr., að því er varðar hæfi aðila sem veita útlánavörn, og lágmarkskröfur 213.-215. gr. reglugerðar (ESB) nr. 575/2013, sbr. 92. gr., skal vera innifalið í lágmarksleigugreiðslum. Flokka skal áhættuskuldbindingar þessar í samræmi við 17. gr. Þegar virði áhættuskuldbindingar er lokavirði eignarleigusamnings skal reikna fjárhæð hinnar áhættuvegnu áhættuskuldbindingar með því að margfalda virði hennar með 100% og $1/t$, þar sem t er annaðhvort jafnt og einn eða sá fjöldi ára sem næstur er heilum árum af eftirstöðvatíma eignarleigusamningsins.

34. gr.

Láns hæfismatsfyrirtæki.

Áhættuvogir samkvæmt þessum kafla má ákvarða út frá láns hæfismati frá láns hæfismatsfyrirtækjum sem lúta eftirliti Evrópsku verðbréfamarkaðsstofnunarinnar eða Eftirlitsstofnunar EFTA, enda er matið talið óhlutdrægt, óháð, trúverðugt, gegnsætt og undir stöðugri endurskoðun, skv. 135. gr. reglugerðar (ESB) nr. 575/2013 sbr. 92. gr.

Fjármálafyrirtæki sem kys að nota láns hæfismat tiltekins láns hæfismatsfyrirtækis við ákvörðun á áhættuvog fyrir einhverja tegund áhættuskuldbindinga skal nota það fyrir allar áhættuskuldbindingar af þeirri tegund. Ef fjármálafyrirtæki kys að nota láns hæfiseinkunnir frá tveimur láns hæfismatsfyrirtækjum skal nota þá sem gefur hærri áhættuvog á hverja áhættuskuldbindingu um sig. Ef notaðar eru láns hæfiseinkunnir frá fleiri en tveimur láns hæfismatsfyrirtækjum skal nota hærri áhættuvogina af tveimur lægstu áhættuvogunum. Ef tvær lægstu áhættuvogirnar eru samhljóða er sú áhættuvog notuð, sbr. 138.-139. gr. reglugerðar (ESB) nr. 575/2013 sbr. 92. gr.

3. KAFLI

Innramatsaðferð.

35. gr.

Heimild til að nota innramatsaðferð (IRB).

Fjármálaeftirlitið getur heimilað fjármálafyrirtækjum að nota innramatsaðferð (IRB) til að meta áhættuvegnar áhættuskuldbindingafjárhæðir í samræmi við ákvæði þessa kafla. Veita skal sérhverju fjármálafyrirtæki sérstakt leyfi. Leyfi skal aðeins veitt ef Fjármálaeftirlitið telur að kerfi þau sem fjármálafyrirtækið notar til að stjórna og meta útlánaáættu séu traust, framkvæmdin sé heildstæð og að kerfin uppfylli eftirfarandi skilyrði, líkt og þau eru nánar afmörkuð í 169.-190. gr. reglugerðar (ESB) nr. 575/2013, sbr. 92. gr.:

1. Að matskerfi fjármálafyrirtækisins gefi skilmerkilega mynd af viðskiptavininum og eiginleikum áhættuskuldbindingarinnar, að það greini áhættuna sem tengd er viðskiptunum og að samkvæmni sé í matinu,
2. að innra mat og mat á vanefndum og tapi sem notað er við útreikning á eiginfjárröfu, og tengd kerfi og ferlar, gegni veigamiklu hlutverki við áhættustýringu og ákvarðanatöku, við samþykki fyrirgreiðslna, við ráðstöfun eigin fjár innan fyrirtækisins og við stjórnun þess,
3. að innan fjármálafyrirtækisins sé óháð áhættustýringardeild sem ber ábyrgð á matskerfunum,
4. að fjármálafyrirtækið safni og geymi öll gögn til að styðja við áhættumat og stjórnun þess, og
5. að fjármálafyrirtækið haldi skrár yfir matskerfið og forsendur þess og að þau séu staðfest (e. *validated*).

Fjármálafyrirtæki, sem sækir um leyfi til að nota innramatsaðferðina, þarf að sýna fram á að það hafi notað kerfi til að meta áhættuflokkana og til áhættustýringar sem uppfyllir að mestu ofangreind skilyrði í 3 ár áður en leyfi er veitt.

Fjármálafyrirtæki sem sækir um leyfi til að nota eigið mat á tapi að gefnum vanefndum (LGD) og breytistuðlum, þarf að sýna fram á að það hafi notað eigið mat á tapi að gefnum vanefndum og breytistuðlum sem uppfyllir að mestu ofangreind skilyrði í 3 ár áður en leyfi er veitt.

Ef fjármálafyrirtæki uppfyllir ekki lengur skilyrði þessa kafla þarf það að gera grein fyrir þeim ráðstöfunum sem það hyggst grípa til, endurbóta eða sýna fram á að áhrifin séu óveruleg.

Fjármálafyrirtæki skal nota innramatsaðferð á allar áhættuskuldbindingar/-kröfur, þ.m.t. hlutabréfaeign, nema kveðið sé á um annað í þessum kafla.

Fjármálaeftirlitið getur heimilað að innramatsaðferðin sé tekin upp í áföngum eftir áhættuflokkum.

Hafi fjármálafyrirtæki fengið leyfi til að nota eigið mat á tapi að gefnum vanefndum (LGD) og breytistuðlum, er því ekki heimilt að nota aðrar aðferðir við mat á áhættuskuldbindingum sínum.

36. gr.

Flokkun áhættuskuldbindinga.

Sérhverja áhættuskuldbindingu skal flokka í einhverja af eftirfarandi tegundum áhættuskuldbindinga og skal gæta samræmis og samkvæmni í þeirri flokkun:

1. Eignaliður sem er krafa á eða með ábyrgð ríkja og seðlabanka,
2. eignaliður sem er krafa á eða með ábyrgð fjármálafyrirtækis,
3. eignaliður sem er krafa á eða með ábyrgð fyrirtækja,
4. eignaliður sem er krafa á eða með ábyrgð einstaklinga og lítilla og meðalstórra fyrirtækja (smásölu áhættuskuldbindingar),
5. hlutabréfastöður,
6. verðbréfaðar stöður,
7. aðrar eignir sem fela ekki í sér útlánaáættu (e. *other non credit-obligation assets*).

Áhættuskuldbindingar héraðs- og sveitarstjórna og opinberra stofnana sem flokkast eins og áhættuskuldbindingar ríkja samkvæmt staðalaðferð skal flokka eins og áhættuskuldbindingar ríkja og seðlabanka. Áhættuskuldbindingar fjölpjóða þróunarbanka og alþjóðastofnana sem hafa áhættuvog 0% samkvæmt staðalaðferð skal einnig flokka á sama hátt.

Áhættuskuldbindingar héraðs- og sveitarstjórna sem ekki flokkast eins og áhættuskuldbindingar ríkja, opinberra stofnana sem flokkast eins og fjármálafyrirtæki og fjölpjóða þróunarbanka sem ekki hafa áhættuvog 0% samkvæmt staðalaðferð skal flokka með áhættuskuldbindingum fjármálafyrirtækja.

Áhættuskuldbindingar lítilla og meðalstórra fyrirtækja, sbr. 4. tölul. 1. mgr., skulu uppfylla skilyrði 24. gr. Auk þess þarf áhættustýring þessara áhættuskuldbindinga sem heildar (e. *retail portfolio*) að vera stöðug yfir tíma og samræmd.

Áhættuskuldbindingar sem ekki teljast lán og eru víkjandi eftirstæðar kröfur á eignir eða tekjur útgefanda auk lána með slík einkenni skulu flokkast með hlutabréfastöðum.

Greina skal sérstaklega innan áhættuflokks fyrirtækja sértækar lánaáhættuskuldbindingar (e. *specialised lending exposures*) sem hafa eftirfarandi einkenni:

1. Áhættuskuldbindingin er vegna rekstrareiningar sem sérstaklega var stofnuð til að fjármagna eða starfrækja efnislega eign,
2. samningsákvæðin veita lánveitanda töluverð yfirráð yfir eigninni og tekjunum sem þær gefa af sér,
3. meginuppspretta endurgreiðslunnar er frá þeim tekjum sem hinar fjármögnuðu eignir gefa af sér.

Lánaáhættuskuldbindingar sem ekki flokkast undir 1., 2. og 4. tölul. 1. mgr. skulu flokkast með áhættuskuldbindingum fyrirtækja (3. tölul.).

Flokka skal lokavirði samkvæmt eignarleigusamningum (e. *leased property*) undir 7. tölul. 1. mgr. séu þær ekki innifaldar í áhættuskuldbindingum vegna fyrrgreindra samninga eins og skilgreint er í 166. gr. reglugerðar (ESB) nr. 575/2013, sbr. 92. gr.

37. gr.

Mat áhættuveginna áhættuskuldbindinga.

Meta skal áhættuvegnar áhættuskuldbindingafjárhæðir vegna útlánaáhættu allra flokka áhættuskuldbindinga skv. 36. gr. nema þær séu dregnar frá eiginfjárgrunni.

Meta skal áhættuvegnar áhættuskuldbindingafjárhæðir vegna þynningaráhættu fyrir keyptar kröfur samkvæmt 157. gr. reglugerðar (ESB) nr. 575/2013, sbr. 92. gr. Hafi fjármálafyrirtæki fullan endurkröfurétt á seljanda krafanna vegna hættu á vanefndum og þynningaráhættu má fara með þær sem veðtryggðar áhættuskuldbindingar (e. *collateralised exposure*).

Byggja skal útreikning áhættuveginna áhættuskuldbindingafjárhæða vegna útlána- og þynningaráhættu á viðeigandi breytum tengdum áhættuskuldbindingum, þ. á m. líkum á vanefndum (PD), tapi að gefnum vanefndum (LGD), eftirstöðvatíma og útlánagildi áhættuskuldbindingarinnar. Meta skal PD og LGD samkvæmt 160.-161. gr. reglugerðar (ESB) nr. 575/2013, sbr. 92. gr.

Þrátt fyrir ákvæði 3. mgr. skal meta áhættuvegnar áhættuskuldbindingafjárhæðir vegna útlánaáhættu fyrir hlutabréfastöður í samræmi við 155. gr. reglugerðar (ESB) nr. 575/2013. Meta skal áhættuvegnar áhættuskuldbindingafjárhæðir vegna útlánaáhættu fyrir sértækar lánaáhættuskuldbindingar skv. 5. mgr. 153. gr. reglugerðar (ESB) nr. 575/2013.

Fjármálafyrirtæki skulu nota eigin líkur á vanefndum (PD) fyrir áhættuflokka 1. til 4. tölul. í 1. mgr. 36. gr. og eigið mat á tapi að gefnum vanefndum (LGD) fyrir áhættuflokka d. sömu málsgreinar. Fjármáleftirlitið getur veitt sérstakt leyfi til að nota eigin LGD og breytistuðla fyrir áhættuflokka 1. til 3. tölul. í samræmi við 35. gr.

Verðbréfaðar stöður skulu metnar samkvæmt ákvæðum 5. kafla þessa bálks.

Ef áhættuskuldbindingar í formi sjóða um sameiginlega fjárfestingu uppfylla skilyrði 5. mgr. 31. gr. skal meta áhættuvegnar áhættuskuldbindingafjárhæðir undirliggjandi eigna sjóðanna samkvæmt ákvæðum þessa kafla.

38. gr.

Vænt tap (EL).

Meta skal vænt tap (EL) vegna áhættuskuldbindinga í áhættuflokkum 1.-5. tölul. 1. mgr. 36. gr. í samræmi við 158.-159. gr. reglugerðar (ESB) nr. 575/2013, sbr. 92. gr. Nota skal sömu breytur fyrir PD, LGD og virði áhættuskuldbindingar og notaðar eru til að meta áhættuvegnar áhættuskuldbindingafjárhæðir samkvæmt 37. gr. Vænt tap vegna vanskila skal meta samkvæmt 5. mgr. 158. gr. reglugerðar (ESB) nr. 575/2013, sbr. 92. gr.

Vænt tap af verðbréfuðum stöðum skal meta samkvæmt 5. kafla þessa bálks.

Vænt tap af áhættuskuldbindingum skv. 7. tölul. 1. mgr. 36. gr. skal vera 0.

Meta skal vænt tap vegna þynningaráhættu fyrir keyptar viðskiptakröfur samkvæmt 10. mgr. 158. gr. reglugerðar (ESB) nr. 575/2013, sbr. 92. gr.

Meta skal vænt tap af sjóðum um sameiginlega fjárfestingu samkvæmt 4. mgr. 158. gr. reglugerðar (ESB) nr. 575/2013, sbr. 92. gr.

39. gr.

Undanþágur frá innramatsaðferð.

Fjármálaeftirlitið getur veitt fjármálafyrirtækjum, sem hafa leyfi til að nota innramatsaðferð, heimild til að nota staðalaðferð fyrir eftirfarandi áhættuskuldbindingar:

1. Áhættuskuldbindingar skv. 1. og 2. tölul. 1. mgr. 36. gr. ef mótaðilar eru það fáir að það verði fjármálafyrirtækinu óþarflega íþyngjandi að koma á fót matskerfi fyrir þessa aðila,
2. áhættuskuldbindingar vegna viðskiptaeyninga innan samstæðu sem hafa óverulegt vægi auk áhættuflokka sem hafa tiltölulega lítið vægi hvað varðar stærð og áhættu,
3. áhættuskuldbindingar vegna íslenska ríkisins og sveitarfélaga hér á landi,
4. áhættuskuldbindingar vegna móðurfélags eða dótturfélags viðkomandi fjármálafyrirtækis eða annarra aðila innan þeirrar samstæðu sem fjármálafyrirtækið tilheyrir,
5. hlutabréf í þeim félögum hvers áhættuskuldbindingar hafa áhættuvog 0% samkvæmt staðalaðferð. Áhættuflokkur hlutabréfa skal talinn verulegur ef heildarvirði þeirra er meira en 10% af eiginfjárgrunni að meðaltali næstliðið ár. Ef um er að ræða hlutabréf í færri en 10 félögum skal miða við 5% af eigin fé,
6. áhættuskuldbindingar sem eru bundnar innstæður í seðlabönkum samkvæmt reglum þar að lútandi,
7. ríkisábyrgðir í samræmi við 2. mgr. 215. gr. reglugerðar (ESB) nr. 575/2013, sbr. 92. gr.

Þrátt fyrir ákvæði 1. mgr. skal Fjármálaeftirlitið leyfa notkun staðalaðferðar fyrir hlutabréfaeign hafi það verið leyft af öðrum eftirlitsaðilum innan Evrópska efnahagssvæðisins.

4. KAFLI

Mildun útlánaáhættu.

40. gr.

Almenn ákvæði.

Fjármálafyrirtæki skal reikna mildun útlánaáhættu, eftir því sem við á, í samræmi við 192.-241. gr. reglugerðar (ESB) nr. 575/2013, sbr. 92. gr.

41. gr.

Fjármögnuð og ófjármögnuð útlánavörn.

Aðferðin sem notuð er til útlánavarnar skal vera í samræmi við lög í viðkomandi ríki.

Fjármálafyrirtæki skal gera viðeigandi ráðstafanir til þess að tryggja árangur og áreiðanleika útlánavarna og til að takast á við tengda áhættu.

Þegar um fjármagnaða útlánavörn er að ræða skulu eignir sem eru til tryggingar vera nægjanlega seljanlegar og virði þeirra stöðugt til að tryggja rétt mat á vörninni við útreikning á áhættuvegnum áhættuskuldbindingum. Hæfi (e. *eligibility*) til mildunar útlánaáhættu skal takmarkast við eignir sem skilgreindar eru í 2. þætti, kafla 4, bálks II, III. hluta í reglugerð (ESB) nr. 575/2013, sbr. 92. gr. Fjármálafyrirtæki hefur rétt til þess að selja eða halda eftir eignum sem eru til tryggingar vegna útlánavarnar ef til vanskila eða gjaldþrots kemur af hálfu skuldunauts eða af hálfu forráðaaðila eignarinnar. Gæta þarf að hversu mikil fylgni er milli virðis eignarinnar sem notuð er til varnar og lánshæfis skuldunautarins.

Þegar um ófjármagnaða útlánavörn er að ræða skulu þeir aðilar sem veita vörnina vera áreiðanlegir og samningar í samræmi við lög í viðkomandi ríki til að tryggja rétt mat á vörninni við útreikning á áhættuvegnum áhættuskuldbindingum. Eingöngu þeir aðilar sem veita útlánavörn og þær tegundir samninga sem skilgreindar eru í 2.-3. þætti kafla 4, bálks II, III. hluta í reglugerð (ESB) nr. 575/2013 eru hæf til mildunar útlánaáhættu.

Einnig skal fara eftir þeim lágmarksskilyrðum sem tilgreind eru í 2.-3. þætti kafla 4, bálks II, III. hluta í reglugerð (ESB) nr. 575/2013, sbr. 92. gr.

42. gr.

Útreikningur áhættumildunar.

Séu skilyrði 41. gr. uppfyllt má reikna áhættuvegnar áhættuskuldbindingar og, eftir því sem við á, vænt tap í samræmi við 4.-6. þátt, kafla 4, bálks II, III. hluta í reglugerð (ESB) nr. 575/2013, sbr. 92. gr.

Áhættuskuldbindingafjárhæð sem reiknuð er með tilliti til mildunar útlánaáhættu skal ekki vera hærri en fjárhæð áhættuveginna áhættuskuldbindingar eða vænts taps sömu áhættuskuldbindingar þar sem mildun útlánaáhættu er ekki notuð.

Hafi þegar verið tekið tillit til útlánavarna við útreikning áhættuveginna áhættuskuldbindinga samkvæmt staðalaðferð eða innramatsaðferð skal ekki fara eftir greinum þessa kafla um útreikning á útlánavörn.

5. KAFLI

Verðbréfun.

43. gr.

Almenn ákvæði.

Reikna skal áhættuvegnar áhættuskuldbindingafjárhæðir í verðbréfuðum stöðum í samræmi við 242.-270. gr. reglugerðar (ESB) nr. 575/2013, sbr. 92. gr.

Þegar veruleg útlánaáhætta tengd verðbréfuðum stöðum hefur verið flutt frá upphaflega fjármálafyrirtækinu til þriðja aðila í samræmi við 245. gr. reglugerðar (ESB) nr. 575/2013, má fjármálafyrirtækið:

1. þegar um hefðbundna verðbréfun er að ræða, undanskilja frá mati á áhættuvegnum áhættuskuldbindingum og, eftir því sem við á, væntu tapi, þær áhættuskuldbindingar sem hafa verið verðbréfaðar/færðar í verðbréfun (e. *securitised*),
2. þegar um tilbúna verðbréfun/gerviverðbréfun (e. *synthetic*) er að ræða, reikna áhættuvegnar áhættuskuldbindingar og, eftir því sem við á, vænt tap verðbréfaðra staða í samræmi við 2. hluta viðauka II við reglugerð (ESB) nr. 575/2013.

Upphaflega fjármálafyrirtækinu ber að meta áhættuvegnar áhættuskuldbindingar í verðbréfuðum stöðum skv. 2. mgr. í samræmi við ákvæði 242.-270. gr. reglugerðar (ESB) nr. 575/2013, sbr. 92. gr. Ef upphaflega fjármálafyrirtækinu tekst ekki að flytja verulegan hluta útlánaáhættunnar skv. 2. mgr. er því heimilt að sleppa að reikna áhættuvegnar áhættuskuldbindingar í þeim verðbréfuðu stöðum.

44. gr.

Áhættuvogir verðbréfaðra staða.

Verðbréfaðar stöður, þ.m.t. verðbréfaðar stöður byggðar á vaxta- eða gjaldmiðlaafleiðum, skulu fá áhættuvog í samræmi við 242.-270. gr. reglugerðar (ESB) nr. 575/2013, sbr. 92. gr. byggða á útlánagæðum metnum af tilnefndu lánshæfismatsfyrirtæki eða á annan þann hátt sem tilgreindur er í áðurnefndum ákvæðum reglugerðar (ESB) nr. 575/2013. Þegar um er að ræða stöður í mismunandi áhættulögum (e. *tranches*) verðbréfunar skal líta á hvert lag sem sérstaka stöðu. Þeir aðilar sem selja útlánavörn vegna verðbréfaðra staða eru taldir vera með stöðu í þeirri verðbréfun.

Þegar verðbréfuð staða er háð fjármagnaðri eða ófjármagnaðri útlánavörn má breyta áhættuvoginni í samræmi við 40.-42. gr. og fyrrnefnd ákvæði 242.-270. gr. reglugerðar (ESB) nr. 575/2013. Áhættuvegnar áhættuskuldbindingafjárhæðir vegna verðbréfaðra staða skulu vera hluti af eiginfjárgrunni skv. 1. tl. 1. mgr. 4. gr. Verðbréfaðar stöður með áhættuvog 1250% má draga frá eiginfjárgrunni enda hafa þær ekki verið teknar með í fyrrgreindan útreikning.

45. gr.

Notkun lánshæfismats vegna verðbréfunar.

Nota má lánshæfismat tilnefnds lánshæfismatsfyrirtækis til að ákvarða áhættuvog verðbréfaðra staða í samræmi við 251., 261., 264. og 267.-269. gr. reglugerðar (ESB) nr. 575/2013, sbr. 92. gr. Sérhver lánshæfiseinkunn lánshæfismatsfyrirtækis á sér samsvörum í þrepi útlánagæða vegna verðbréfaðra staða í samræmi við 251., 261. og 270. gr. reglugerðar (ESB) nr. 575/2013, sbr. 92. gr. og reglur Fjármálaeftirlitsins um vörpun lánshæfismats í þrep útlánagæða.

46. gr.

Verðbréfun áhættuskuldbindinga vegna veltufjármögnunar.

Þegar um er að ræða verðbréfun áhættuskuldbindinga vegna veltufjármögnunar (e. *securitisation of revolving exposures*), með ákvæðum um að greiða megi afborganir fyrir gjalddaga, skal upphaflega fjármálafyrirtækið

reikna viðbótar áhættuvegna áhættuskuldbindingafjárhæð með tilliti til þeirrar auknu útlánaáættu sem getur átt sér stað í kjölfar þess að afborganir eru greiddar fyrir gjalddaga. Áhættuskuldbinding vegna veltufjármögnunar skal í þessu sambandi vera áhættuskuldbinding þar sem útistandandi krafa á viðskiptavin getur flókt innan fyrirfram ákveðinna marka eftir því hvort hann ákveður að fá lánað eða endurgreiða. Jafnframt skal ákvæði um að greiða fyrir gjalddaga vera samningsbundið, þar sem krafist er, að ef fyrirfram skilgreindir atburðir verða, beri að innleysa stöður fjárfesta fyrir þann gjalddaga sem upphaflega er tilgreindur í hinu útgefna verðbréfi.

47. gr.

Stuðningur við verðbréfun.

Upphaflegt fjármálafyrirtæki sem reiknar áhættuvegnar áhættuskuldbindingar skv. 43. gr., eða hefur selt gerninga úr veltubók sinni til rekstrareiningar um sérverkefni á sviði verðbréfunar (e. *SSPE*) þannig að hún er ekki skuldbundin til að hafa eigið fé til að mæta áhættu vegna þessara gerninga, má ekki veita frekari tryggingar (e. *support*) umfram samninga við verðbréfun með það að markmiði að draga úr hugsanlegu tapi fjárfesta.

Geti upphaflegt fjármálafyrirtæki ekki uppfyllt ákvæði 1. mgr. varðandi verðbréfun skal reikna viðbótar eiginfjárkröfu vegna allra verðbréfaðra staða eins og þær hafi ekki verið verðbréfaðar. Fjármálafyrirtækið skal birta opinberlega að það hafi veitt tryggingar umfram samninga við verðbréfunina, og áhrif þess á eiginfjárkröfu.

6. KAFLI

Mótaðilaáættu.

48. gr.

Útreikningur á eiginfjárkröfum vegna mótaðilaáættu.

Fjármálafyrirtæki skal reikna eiginfjárkröfur sínar vegna mótaðilaáættu, eftir því sem við á, í samræmi við 271. gr.-311. gr. reglugerðar (ESB) nr. 575/2013, sbr. 92. gr.

BÁLKUR III**Eiginfjárkröfur vegna rekstraráættu.**

1. KAFLI

Rekstraráættu.

49. gr.

Almenn ákvæði.

Eiginfjárkröfu vegna rekstraráættu skal reikna í samræmi við aðferðir sem tilgreindar eru í 50., 51.-54. og 55. gr. þessarar reglugerðar, með hliðsjón af ákvæðum bóls III í III. hluta reglugerðar (ESB) nr. 575/2013, sbr. 92. gr.

Beiti fjármálafyrirtæki aðferð þeirri sem lýst er í 51.-54. gr. (staðalaðferð) er óheimilt að beita síðar grundvallaraðferð þeirri sem lýst er í 50. gr. nema að gefnu tilefni og með leyfi Fjármálaeftirlitsins. Sama gildir ef fjármálafyrirtæki beitir aðferð þeirri sem lýst er í 55. gr., en þá er óheimilt að beita síðar aðferðum 50. eða 51.-54. gr.

Fjármálaeftirlitið getur þó veitt leyfi til að beita samsettum aðferðum í samræmi við 314. gr. reglugerðar (ESB) nr. 575/2013, sbr. 92. gr.

50. gr.

Grundvallaraðferð (e. Basic Indicator Approach).

Eiginfjárfkrafa vegna rekstraráættu samkvæmt grundvallaraðferð (e. *Basic Indicator Approach*) skal reiknast sem tiltekið hlutfall af viðeigandi mælikvarða (e. *indicator*).

Eiginfjárfkrafa vegna rekstraráættu skal vera 15% af viðeigandi mælikvarða eins og tilgreint er í þessari grein.

Viðeigandi mælikvarði er meðaltal samtölu hreinna vaxtatekna og annarra rekstrartekna síðustu þriggja reikningsára (þrjú 12 mánaða tímabil). Séu endurskoðaðar tölur ekki tiltækar er heimilt að nota áætlun.

Sé samtalan eitthvert reikningsárið neikvæð eða jafnt og núll skal hún ekki talin með í þriggja ára meðaltalinu. Mælikvarðinn skal vera samtala jákvæðra stærða deilt með fjölda jákvæðra stærða.

Mælikvarðinn skal samanstanda af eftirfarandi rekstrarliðum, sem byggja á 27. gr. tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 86/635/EB:

1. Vaxtatekjur o.fl.
2. Vaxtagjöld o.fl.
3. Tekjur af hlutabréfum o.fl. og öðrum eignarhlutum
4. Þóknunartekjur o.fl.
5. Þóknunargjöld
6. Gengishagnaður/-tap
7. Aðrar rekstrartekjur

Ekki skal draga frá afskriftir eða rekstrarkostnað þegar mælikvarðinn er reiknaður.

Eftirfarandi liðir skulu ekki teknir með í útreikninginn:

1. innleystur hagnaður/tap vegna sölu á eignum utan veltubókar,
2. óreglulegar tekjur,
3. tekjur vegna váttryggingastarfsemi.

Séu matsverðsbreytingar af veltubókarliðum í rekstrarreikningi má taka þær með í útreikninginn.

51. gr.

Staðalaðferð (e. Standardised Approach).

Noti fjármálaþyrftir staðalaðferð ber að skipta starfseminni í viðskiptasvið í samræmi við eftirfarandi töflu:

Viðskiptasvið	Starfsemi	Hlutfall
Fyrirtækjaráðgjöf (e. <i>Corporate finance</i>)	Sölutrygging í tengslum við útgáfu eins eða fleiri fjármálagerninga eða markaðssetning slíkrar útgáfu. Þjónusta tengd sölutryggingu. Fjárfestingaráðgjöf. Ráðgjöf til fyrirtækja um uppbyggingu höfuðstóls, áætlanagerð og skyld mál og ráðgjöf og þjónusta varðandi samruna fyrirtækja og kaup á þeim. Greiningadeildir og aðrar tegundir ráðgjafar vegna viðskipta með fjármálagerninga.	18%
Markaðsviðskipti (e. <i>Trading and sales</i>)	Eigin viðskipti. Peningamiðlun. Móttaka og miðlun fyrirmæla um einn eða fleiri fjármálagerninga. Framkvæmd fyrirmæla viðskiptavina. Umsjón með útboði verðbréfa. Rekstur marghliða viðskiptakerfa.	18%
Verðbréfamiðlun (smásala) (Starfsemi sem snýr að einstaklingum eða litlum og meðalstórum fyrirtækjum sem uppfylla skilyrði 24. gr.)	Móttaka og miðlun fyrirmæla um einn eða fleiri fjármálagerninga. Framkvæmd fyrirmæla viðskiptavina. Umsjón með útboði verðbréfa.	12%
Viðskiptabankastarfsemi (heildsala)	Móttaka innlána og endurgreiðanlegra fjármuna. Veiting útlána. Fjármögnunarleiga. Veita ábyrgðir og tryggingar.	15%
Viðskiptabankastarfsemi (smásala) (Starfsemi sem snýr að einstaklingum eða litlum og meðalstórum fyrirtækjum sem uppfylla skilyrði 24. gr.)	Móttaka innlána og endurgreiðanlegra fjármuna. Veiting útlána. Fjármögnunarleiga. Veita ábyrgðir og tryggingar.	12%

Greiðslu- og uppgjörspjónusta	Þjónusta við millifærslu peninga. Útgáfa og umsýsla greiðslumiðla.	18%
Umboðspjónusta	Varsla og umsýsla fjármálagerna fyrir viðskiptavinum þ.m.t. forræði og tengd þjónusta t.d. stýring lausafjár og trygginga/veða.	15%
Eignastýring	Stýring eignasafna. Stýring verðbréfasjóða (UCITS). Önnur eignastýring.	12%

Reikna skal eiginfjárkröfu vegna rekstraráhættu sem þriggja ára meðaltal árlegra samtala eiginfjárfrafa eftir viðskiptasviðum sem getið er í ofangreindri töflu. Á hverju ári er heimilt að jafna neikvæðar eiginfjárkröfur, á hvaða viðskiptasviði sem er, við jákvæðar eiginfjárkröfur á öðrum viðskiptasviðum án takmarkana. Sé samanlögð eiginfjárfrafa á öllum viðskiptasviðum innan ákveðins árs neikvæð skal virðið fyrir það ár sem notað er í útreikningunum vera jafnt og núll.

Hið þriggja ára meðaltal skal reiknað á grundvelli samtölu hreinna vaxtatekna og annarra rekstrartekna fyrir hvert viðskiptasvið og miðast við síðustu þrjú reikningsár (þrjú 12 mánaða tímabil). Séu endurskoðaðar tölur ekki tiltækar má nota áætlun.

52. gr.

Meginreglur kortlagningar viðskiptasviða.

Fjármálafyrirtæki þarf að uppfylla skilyrði um kortlagningu viðskiptasviða til að mega nota staðalaðferð við útreikning á eigin fé vegna rekstraráhættu.

Fjármálafyrirtæki þurfa að þróa og skjalfesta sértækar reglur og viðmið við kortlagningu viðeigandi mælikvarða fyrir núverandi viðskiptasvið og starfsemi innan ramma staðalaðferðar. Viðmið þessi þarf að endurskoða og aðlaga fyrir breytta og/eða nýja starfsemi og áhættur. Meginreglur fyrir kortlagningu viðskiptasviða eru eftirfarandi:

1. Kortleggja þarf alla starfsemi ítarlega undir viðskiptasvið og án þess að þau skarist.
2. Starfsemi sem ekki fellur beint undir viðskiptasvið, en sem telst stoðþáttur við ákveðið viðskiptasvið skal falla undir það viðskiptasvið sem það styður. Ef stoðþáttur styður við fleiri viðskiptasvið ber að nota hlutlæg viðmið.
3. Ef ekki er hægt að kortleggja ákveðna starfsemi undir viðskiptasvið skal nota það hlutfall viðskiptasviðs sem er hæst, sama gildir um viðkomandi stoðþætti.
4. Fjármálafyrirtæki mega millifæra kostnað milli viðskiptasviða ef hann er talinn tilheyra öðru sviði.
5. Kortlagning starfsemi undir viðskiptasvið fyrir eiginfjárkröfu vegna rekstraráhættu skal vera í samræmi við flokka sem notaðir eru vegna útlána- og markaðsáhættu.
6. Stjórnendur eru ábyrgir fyrir reglum um kortlagningu.
7. Kortlagningin þarf að standast óháð endurmat.

53. gr.

Aðrir mælikvarðar fyrir viðskiptabankastarfsemi.

Fjármálaeftirlitið getur heimilað að notaðir séu aðrir mælikvarðar en áður eru tilgreindir fyrir viðskiptabankastarfsemi.

Fyrir þessi viðskiptasvið skal viðkomandi mælikvarði vera samræmdur/staðlaður tekjukurði sem jafngildir þriggja ára meðaltali heildarnafnverðs lána og fyrirframgreiðslna margfölduðu með 0,035.

Fyrir heildsölu- og/eða smásöluhluta viðskiptabankastarfseminnar skulu lán og fyrirframgreiðslur vera ádreagnar fjárhæðir í viðkomandi lánasöfnum. Verðbréfastöður utan veltubókar skulu teknar með í heildsöluhluta viðskiptabankastarfsemi.

Skilyrði þess að nota megi aðra mælikvarða eru:

1. Að meginstarfsemi fjármálafyrirtækisins er viðskiptabankastarfsemi og a.m.k. 90% af tekjunum eru á því sviði.
2. Fjármálafyrirtækið þarf að sýna Fjármálaeftirlitinu fram á að verulegur hluti starfseminnar nái yfir útlán með háum líkum á vanefndum (PD) og að aðrir mælikvarðar en notaðir eru með staðalaðferð gefi betra

mat á rekstraráhættu.

3. Fjármálafyrirtækið þarf að uppfylla skilyrði 54. gr.

54. gr.

Skilyrði fyrir notkun staðalaðferðar vegna rekstraráhættu.

Fjármálafyrirtæki þurfa að uppfylla almenn skilyrði um áhættustýringu í samræmi við stærð og hlutfallslegt mikilvægi þess, en auk þess:

1. Þurfa vel skjalfest kerfi að vera til staðar til að meta og stjórna rekstraráhættu þar sem ábyrgð er vel skilgreind. Kerfið þarf að bera kennsl á áhrif af rekstraráhættu og það þarf að vera hægt að rekja viðeigandi gögn vegna rekstraráhættu þ.m.t. gögn um verulegt tap. Kerfið þarf að standast óháð mat.
2. Þarf að samþætta kerfið vegna rekstraráhættu við áhættustýringu fjármálafyrirtækisins og niðurstöður úr því þurfa að gefa skýra mynd af rekstraráhættu fjármálafyrirtækisins.
3. Þurfa kerfi að vera til staðar sem skila upplýsingum til viðeigandi ábyrgðaraðila innan stofnunarinnar. Einnig þurfa að vera til staðar ferlar til að bregðast við þeim upplýsingum.

55. gr.

Þróuð mæliaðferð (e. Advanced Measurement Approach).

Fjármálaeftirlitið getur veitt leyfi til að nota þróaðar mæliaðferðir sem byggja á áhættumatskerfum fjármálafyrirtækis. Leyfið er þá veitt gagnert til að nota eigin líkön til að reikna eiginfjákröfu vegna rekstraráhættu. Fjármálafyrirtæki þurfa þá að uppfylla þau skilyrði sem tilgreind eru í 321.-324. gr. reglugerðar (ESB) nr. 575/2013, sbr. 92. gr.

BÁLKUR IV

Eiginfjákröfur vegna markaðsáhættu.

56. gr.

Útreikningur á eiginfjákröfum vegna markaðsáhættu.

Fjármálafyrirtæki skal reikna eiginfjákröfur sínar vegna markaðsáhættu, eftir því sem við á, í samræmi við 325.-377. gr. reglugerðar (ESB) nr. 575/2013, sbr. 92. gr.

BÁLKUR V

Eiginfjákröfur vegna uppgjörsáhættu.

57. gr.

Útreikningur á eiginfjákröfum vegna uppgjörsáhættu.

Fjármálafyrirtæki skal reikna eiginfjákröfur sínar vegna uppgjörsáhættu í samræmi við 378.-380. gr. reglugerðar (ESB) nr. 575/2013, sbr. 92. gr.

BÁLKUR VI

Eiginfjákröfur vegna áhættu sem tengist aðlögun á útlánvirði.

58. gr.

Útreikningur á eiginfjárkröfum vegna áhættu sem tengist aðlögun á útlánavirði.

Fjármálafyrirtæki skal reikna eiginfjárkröfur sínar vegna áhættu sem tengist aðlögun á útlánavirði, eftir því sem við á, í samræmi við 381.-386. gr. reglugerðar (ESB) nr. 575/2013, sbr. 92. gr.

IV. HLUTI

Stórar áhættuskuldbindingar hjá fjármálafyrirtækjum.

59. gr.

Almenn ákvæði.

Þessi hluti reglugerðarinnar tekur til lánastofnana sem fengið hafa starfsleyfi skv. 1.-3. tölul. 1. mgr. 4. gr. laga um fjármálafyrirtæki, nr. 161/2002, þ.e. viðskiptabanka, sparisjóða og lánaðafyrirtækja. Þessi hluti tekur einnig til verðbréfafyrirtækja, að undanskildum verðbréfafyrirtækjum sem uppfylla eiginfjárkröfur á grundvelli 10. gr. þessarar reglugerðar, sbr. 84. gr. d og 3. og 4. mgr. 84. gr. e laga um fjármálafyrirtæki, nr. 161/2002.

Fjármálafyrirtæki skal, auk ákvæða þessa hluta, fylgja ákvæðum 387.-403. gr. reglugerðar (ESB) nr. 575/2013, sbr. 92. gr.

60. gr.

Skilgreining á hugtakinu áhættuskuldbinding.

Í þessum hluta reglugerðarinnar merkir hugtakið *áhættuskuldbinding*: eignaliði og liði utan efnahagsreiknings sem tilgreindir eru í 2. kafla, bálki II, III. hluta þessarar reglugerðar, án þeirra áhættuvoga sem þar er mælt fyrir um.

61. gr.

Útreikningur áhættuskuldbindinga.

Áhættuskuldbinding fjármálafyrirtækis, vegna einstakra viðskiptavina eða hóps tengdra viðskiptamanna, telst vera samtala lánveitinga, verðbréfaeignar, eignarhluta og veittra ábyrgða auk annarra skuldbindinga sömu aðila gagnvart fjármálafyrirtæki.

Til áhættuskuldbindingar fjármálafyrirtækis, vegna einstakra viðskiptavina eða hóps tengdra viðskiptamanna, teljast eignaliðir og liðir utan efnahagsreiknings sem tilgreindir eru í 2. kafla, bálki II, III. hluta þessarar reglugerðar, án þeirra áhættuvoga sem þar er mælt fyrir um.

Áhættuskuldbindingar vegna afleiðusamninga sem tilgreindir eru í 16. gr., skal reikna með aðferðum skv. 6. kafla, bálki II, III. hluta reglugerðar (ESB) nr. 575/2013, sbr. 92. gr.

Eignaliðir sem dragast frá við útreikning á eiginfjárgrunni ~~og hæfu fjármagni~~ skv. 85. gr. laga um fjármálafyrirtæki, nr. 161/2002, eru undanskildir við útreikning skv. 1.-3. mgr. þessarar greinar.

Eftirfarandi liðir teljast ekki með við afmörkun á samtölu áhættuskuldbindinga, skv. 1. mgr. þessarar greinar:

1. áhættuskuldbindingar vegna gjaldeyrisviðskipta sem verða til í tengslum við eðlilegt uppgjör tveimur starfsdögum eftir greiðslu,
2. áhættuskuldbindingar vegna kaupa og sölu á verðbréfum sem verða til í tengslum við eðlilegt uppgjör fimm virkum dögum eftir greiðslu verðbréfanna, eða afhendingu þeirra, ef sú dagsetning fer á undan,
3. seinkuð móttaka fjármögnunar vegna millifærslu peninga og aðrar áhættuskuldbindingar vegna starfsemi viðskiptavina, sem varir ekki lengur en næsta viðskiptadag, þ.m.t. framkvæmd greiðsluþjónustu, greiðsluþjónun og uppgjör í hvaða gjaldmiðli sem er, millibankaviðskipti eða uppgjör fjármálagerna og uppgjör og vörsluþjónusta gagnvart viðskiptavinum,
4. áhættuskuldbindingar vegna millifærslu peninga sem eiga sér stað innan dags gagnvart stofnunum eða fyrirtækjum sem veita þá þjónustu, þ.m.t. framkvæmd greiðsluþjónustu, greiðsluþjónun og uppgjör í hvaða gjaldmiðli sem er og millibankaviðskipti.

62. gr.

Ákvörðun á hópi tengdra viðskiptamanna.

Við ákvörðun á hópi tengdra viðskiptamanna skal fjármálafyrirtæki meta áhættur vegna undirliggjandi eigna í sjóðum um sameiginlega fjárfestingu, sbr. 15. tölul. 17. gr., með því að athuga:

1. eignasöfn sjóðanna (e. *schemes*),
2. undirliggjandi áhættur þeirra, eða
3. bæði eignasöfnin og undirliggjandi áhættur.

Fjármálafyrirtæki skal við ákvörðun á hópi tengdra viðskiptamanna meta áhættur vegna verðbréfunar, sbr. 13. tölul. 17. gr. eða annarra áhættuskuldbindinga, sbr. 16. tölul. 17. gr., með sama hætti.

Til að greina undirliggjandi áhættur skv. 1. mgr. skal fjármálafyrirtæki leggja mat á efnahagslegt inntak (e. *economic substance*) og áhættu sem felst í umgjörð fjármálagerninga.

Leiki vafi á því hverjir teljast til hóps tengdra viðskiptamanna er fjármálafyrirtæki skylt að tengja aðila saman nema viðkomandi fjármálafyrirtæki geti sýnt fram á hið gagnstæða.

63. gr.

Innra eftirlit.

Fjármálafyrirtæki skal beita traustum stjórnunar- og reikningsskilaaðferðum (e. *sound administrative and accounting procedures*) og hafa yfir að ráða innra eftirlitskerfi þar sem allar stórar áhættuskuldbindingar og breytingar á þeim eru rekjanlegar.

Hjá fjármálafyrirtæki skulu vera til staðar fullnægjandi og skjalfestir innri ferlar til að greina og meta stórar áhættuskuldbindingar, þannig að unnt sé að hafa eftirlit með þeim. Innri ferlarnir skulu endurmetnir reglulega til að tryggja að þeir séu ávallt fullnægjandi.

64. gr.

Skýrslugjöf.

Fjármálafyrirtæki skal senda Fjármálaeftirlitinu skýrslu um stórar áhættuskuldbindingar einstakra viðskiptamanna eða hóps tengdra viðskiptamanna á því formi sem það ákveður.

Í skýrslum skal tilgreina eftirfarandi upplýsingar um allar stórar áhættuskuldbindingar fjármálafyrirtækis:

1. auðkenningu viðskiptavinar fjármálafyrirtækis eða kennitölur og nöfn allra aðila í hópi tengdra viðskiptamanna fjármálafyrirtækis,
2. heildarfjárhæð áhættuskuldbindingar (e. *exposure value*) áður en tekið er tillit til áhrifa af því að draga úr útlánaáhættu, þegar við á,
3. heildarfjárhæð áhættuskuldbindingar eftir að tekið hefur verið tillit til áhrifa af því að draga úr útlánaáhættu skv. 70.-74. gr.,
4. tegund fjármagnaðrar eða ófjármagnaðrar útlánavarnar, ef þess háttar vörn er notuð.

Fjármálafyrirtæki skal greina verulega samþjöppunaráhættu í hlutfalli af **hæfuþætti fjármagns** 1 fyrirtækisins, sbr. 84. gr. a, 84. gr. b og 85. gr. laga um fjármálafyrirtæki, nr. 161/2002, sem tengist útgefanda trygginga eða ábyrgða, veitanda ófjármagnaðrar útlánavarnar eða undirliggjandi eignum skv. 1. og 2. mgr. 62. gr., og grípa til viðeigandi ráðstafana til að draga úr slíkri áhættu. Tilkynna skal Fjármálaeftirlitinu reglulega um niðurstöður slíkra greininga.

65. gr.

Takmarkanir á stórum áhættuskuldbindingum.

Áhættuskuldbindingar, að teknu tilliti til 70.-74. gr., vegna viðskiptavina eða hóps tengdra viðskiptamanna mega ekki fara fram yfir 25% af **hæfuþætti fjármagns** 1 fjármálafyrirtækis, sbr. 84. gr. a, 84. gr. b og 85. gr. laga um fjármálafyrirtæki, nr. 161/2002.

Áhættuskuldbindingar vegna viðskiptavinar sem er fjármálafyrirtæki eða vegna hóps tengdra viðskiptavina, sem inniheldur eitt eða fleiri fjármálafyrirtæki, mega ekki fara yfir 25% af **hæfuþætti fjármagns** 1 fjármálafyrirtækis eða 10 milljarða króna, hvort heldur sem er hærra. Þetta er þó háð því að samtala

áhættuskuldbindinga þeirra aðila í viðkomandi hópi tengdra viðskiptamanna sem ekki eru fjármálafyrirtæki fari ekki yfir 25% af **hæfu þætti fjármagni 1** fjármálafyrirtækisins, að teknu tilliti til mildunar áhættu skv. 70.-74. gr.

Þegar hlutfallið 25% af **hæfu fjármagni** fjármálafyrirtækis nemur lægri fjárhæð en 10 milljörðum króna, skal áhættuskuldbinding, að teknu tilliti til mildunar áhættu skv. 70.-74. gr., ekki fara umfram hæfileg mörk með hliðsjón af **hæfu þætti fjármagni 1** fjármálafyrirtækis. Fjármálafyrirtæki skal ákveða hvað teljist hæfileg mörk í samræmi við stefnu og verklagsreglur um samþjöppunaráhættu sem kveðið er á um í 78. gr. c laga um fjármálafyrirtæki, nr. 161/2002, en þó mega umrædd mörk ekki vera hærri en 100% af **hæfu þætti fjármagni 1** fjármálafyrirtækis. Fjármálaeftirlitið getur heimilað fjármálafyrirtæki að setja mörk umfram 100% af **hæfu þætti fjármagni 1** í einstökum tilvikum.

Fjármálafyrirtæki skal ávallt virða þau mörk sem kveðið er á um í 1. og 2. mgr. Fari áhættuskuldbindingar fjármálafyrirtækis yfir þau mörk, skal Fjármálaeftirlitinu tilkynnt án tafar um fjárhæð áhættuskuldbindinganna. Fjármálaeftirlitið getur veitt fyrirtækinu frest til að koma skuldbindingum sínum í lögmætt horf.

66. gr.

Eiginfjárfkrafa vegna umframáhættu stórra áhættuskuldbindinga.

Þeim fyrirtækjum sem fengið hafa til þess skriflegt leyfi Fjármálaeftirlitsins er heimilt að fara yfir þau mörk sem tilgreind eru í 65. gr., enda sé umframáhættan í samræmi við 67.-69. gr.

Sá hluti áhættuskuldbindinga sem er umfram 25% af **hæfu þætti fjármagni 1**, sbr. 84. gr. a, 84. gr. b og 85. gr. laga um fjármálafyrirtæki, nr. 161/2002 og sem er tilkominn vegna þessa heimildarákvæðis nefnist umframáhætta í eftirfarandi greinum.

Forsendur fyrir umframáhættu fyrirtækis eru eftirfarandi:

1. Sá hluti áhættuskuldbindinga viðskiptavinar sem er umfram viðmiðunarmörkin sé áhættuskuldbinding í veltubók.
2. Fyrirtækið uppfylli viðbótareiginfjárfkröfu sem hlýst af umframáhættu stórra áhættuskuldbindinga.

67. gr.

Eiginfjárfkrafa vegna umframáhættu einstaks viðskiptavinar eða hóps tengdra viðskiptamanna skal fundin út með því að bæta við áhættugrunn fyrirtækis fjárhæð sem reiknuð er út í samræmi við ákvæði 68. gr. og 69. gr.

Eiginfjárfkrafa vegna umframáhættu skal koma til viðbótar eiginfjárfkröfu sem reiknuð er vegna sömu liða samkvæmt ákvæðum annarra hluta þessarar reglugerðar.

Við mat á áhættuskuldbindingum einstaks viðskiptavinar eða hóps tengdra viðskiptamanna skal miða við heildaráhættuskuldbindingu í hlutfalli af **hæfu þætti fjármagni 1**, sbr. 84. gr. a, 84. gr. b og 85. gr. laga um fjármálafyrirtæki, nr. 161/2002.

68. gr.

Áhættugrunnur umframáhættu sem varað hefur 10 daga eða skemur skal reiknast út með því að margfalda áhættugrunn vegna sérstakrar stöðuáhættu viðkomandi veltubókarliðar, sbr. ákvæði 56. gr., og/eða áhættugrunn vegna uppgjör- og mótaðilaáhættu, sbr. ákvæði 48. og 57. gr., með stuðlinum 2,00.

Ekki skal taka tillit til almennrar stöðuáhættu liða í veltubók við útreikning á áhættugrunni vegna umframáhættu stórra áhættuskuldbindinga.

69. gr.

Hafi umframáhættan varað lengur en 10 daga skal, áður en frekari útreikningur á sér stað, flokka umframáhættur með hliðsjón af vægi einstakra liða við útreikning á áhættugrunni fyrirtækis. Með vægi liða í þessu samhengi er átt við vægi einstakra liða í áhættugrunni vegna sömu áhættuþátta og vitnað er til í 68. gr. Sá hluti umframáhættu sem hefur mest vægi skal koma síðast í áframhaldandi útreikningum.

Áhættugrunnur umframáhættu sem hefur varað lengur en 10 daga skal síðan reiknaður út með því að margfalda áhættugrunn vegna sérstakrar stöðuáhættu veltubókarliðar, sbr. ákvæði 56. gr., og/eða áhættugrunn vegna uppgjör- og mótaðilaáhættu, sbr. ákvæði 48. og 57. gr., með viðeigandi stuðli samkvæmt eftirfarandi töflu:

Áhættuskuldbindingar umfram 25% af hæfu þætti fjármagni 1 , sbr. 84. gr. a, 84. gr. b og 85. gr. laga um fjármálafyrirtæki, nr. 161/2002	Stuðull
---	---------

Allt að 40%, þ.e. 25%-40%	2,00
Umframáhætta 40%-60%	3,00
Umframáhætta 60%-80%	4,00
Umframáhætta 80%-100%	5,00
Umframáhætta 100%-250%	6,00
Yfir 250%	9,00

Hafi umframáhætta vegna einstakra viðskiptamanna eða hóps tengdra viðskiptamanna varað 10 daga eða skemur, má umframáhætta fyrirtækis vegna einstaks viðskiptamanns eða hóps tengdra viðskiptamanna eigi fara yfir 500% af hæfu fjármagn þætti 1 fyrirtækisins.

Hafi umframáhættan varað lengur en 10 daga má umframáhætta vegna einstaks viðskiptamanns eða hóps tengdra viðskiptamanna eigi fara yfir 600% af hæfu þætti fjármagn 1 fyrirtækisins.

Fyrirtæki skulu þriðja hvern mánuð tilkynna Fjármálaeftirlitinu öll tilvik þar sem um umframáhættu hefur verið að ræða á næstliðnum þremur mánuðum. Tilgreina skal nafn viðkomandi viðskiptamanns, eða eftir atvikum hóp tengdra viðskiptamanna, og fjárhæð umframáhættu.

70. gr.

Heimilar aðferðir við mildun útlánaáhættu.

Hugtakið "ábyrgð" skv. 71.-74. gr. tekur einnig til lánaafleiða (e. *credit derivatives*), skv. 4. kafla, bálki II, III. hluta þessarar reglugerðar, að undanskildum lánshæfistengdum skuldabréfum (e. *credit linked notes*).

Þær aðferðir sem fjármálafyrirtæki er heimilt að nota við mildun útlánaáhættu vegna 71.-74. gr., skulu uppfylla skilyrði skv. 4. kafla, bálks II, III. hluta þessarar reglugerðar, sbr. 92. gr.

Fjármálafyrirtæki skal ekki taka tillit til þeirra trygginga sem um getur í 5.-7. mgr. 199. gr. reglugerðar (ESB) nr. 575/2013, sbr. 92. gr., nema það sé heimilt skv. 73. gr.

71. gr.

Frádráttur vegna örugga eignaliða.

Við útreikning fjárhæðar áhættuskuldbindinga skv. 65. gr. er fjármálafyrirtæki heimilt að undanskilja eftirtalda liði:

1. Eignaliði sem eru kröfur á ríki, seðlabanka, alþjóðastofnanir eða fjölþjóða þróunarbanka, sem án tryggingar fengu 0% áhættuvog skv. 2. kafla, bálki II, III. hluta þessarar reglugerðar, sbr. 92. gr.
2. Eignaliði sem eru kröfur eða aðrar áhættuskuldbindingar sem rekja má til eða eru með ábyrgð ríkja, seðlabanka, alþjóðastofnana, fjölþjóða þróunarbanka eða opinberra fyrirtækja og stofnana sem án tryggingar fengu 0% áhættuvog skv. 2. kafla, bálki II, III. hluta þessarar reglugerðar, sbr. 92. gr.
3. Eignaliði, sem fela í sér kröfur eða aðrar áhættuskuldbindingar á héraðs- og sveitarstjórnir eða staðaryfirvöld í aðildarríkjum, þar sem þessum kröfum yrði úthlutað 0% áhættuvog skv. 19. gr.
4. Áhættuskuldbindingar vegna mótaðila sem er fyrirtæki innan sömu samstæðu, ef þær fá áhættuvogina 0% skv. 2. kafla, bálki II, III. hluta þessarar reglugerðar, sbr. 92. gr. Áhættuskuldbindingar gagnvart mótaðila sem er fyrirtæki innan sömu samstæðu sem ekki fá 0% áhættuvog skal meðhöndla sem áhættuskuldbindingar gagnvart þriðja aðila.
5. Eignaliði og aðrar áhættuskuldbindingar sem tryggðar eru með handveði í innstæðum (e. *cash deposits*) hjá viðkomandi lánastofnun (e. *lending credit institution*) eða fjármálafyrirtæki sem er móðurfyrirtæki eða dótturfyrirtæki hennar. Reiðufé sem fjármálafyrirtæki fær greitt vegna útgefina lánshæfistengdra skuldabréfa (e. *credit linked notes*) fellur undir þennan lið. Lán mótaðila til fjármálafyrirtækis, og innlán sama mótaðila hjá fjármálafyrirtæki, sem falla undir skuldajöfnunarsamning innan efnahagsreiknings sem er viðurkenndur skv. 41. og 42. gr., falla einnig undir þennan lið.
6. Eignaliði og aðrar áhættuskuldbindingar sem tryggðar eru með handveði í innlánskírteinum (e. *certificate of deposits*) útgefnum af viðkomandi lánastofnun (e. *lending credit institution*) eða fjármálafyrirtæki sem er móðurfyrirtæki eða dótturfyrirtæki hennar.

7. Liði utan efnahagsreiknings sem bera litla áhættu skv. 4. tölul. 15. gr., enda leiði samningur um lánsheimild eða sambærilega áhættuskuldbindingu við viðskiptamann eða hóp tengdra viðskiptamanna ekki til þess að áhættuskuldbinding vegna viðkomandi aðila fari yfir mörkin sem miðað er við í 65. gr.
8. Aðrir staflíðir sem koma fram í 1. mgr. 400. gr. reglugerðar (ESB) nr. 575/2013, sbr. 92. gr.
9. Kröfur á héraðs- og sveitarstjórnir innan Evrópska efnahagssvæðisins, aðrar en samkvæmt staflíð e, má undanskilja að 80% hluta þegar um er að ræða kröfur sem falla undir 20% áhættuvægi skv. 19. gr. þessarar reglugerðar. Sama á við um ábyrgðir og aðrar áhættuskuldbindingar sömu aðila.
10. Sértrygð skuldabréf sem uppfylla skilyrði laga um sértrygð skuldabréf, nr. 11/2008.

72. gr.

Útreikningur og álagspróf vegna mildunar útlánaáhættu.

Við útreikning fjárhæðar áhættuskuldbindinga skv. 65. gr. er fjármálafyrirtæki heimilt að nota leiðrétt virði áhættuskuldbindinga (e. *fully adjusted exposure value*), sbr. 1. mgr. 42. gr., ef skilyrði þess eru uppfyllt.

Fjármálafyrirtæki sem hefur leyfi til að nota eigið mat á tapi að gefnum vanefndum (LGD) og breytistuðlum skv. 3. kafla, báiki II, III. hluta þessarar reglugerðar, sbr. 92. gr., er heimilt að nýta heildaraðferðina (e. *financial collateral comprehensive method*) skv. ákvæðum 208. og 229. gr. reglugerðar (ESB) nr. 575/2013, sbr. 92. gr., við útreikning á fjárhæð áhættuskuldbindingar skv. 65. gr. Fjármálafyrirtæki sem nýtir heildaraðferðina skal framkvæma reglubundin álagspróf vegna samþjöppunar á útlánaáhættu. Slík álagspróf skulu taka mið af áhættu sem stafar af mögulegum breytingum á markaðsaðstæðum og gætu haft neikvæð áhrif á hæft fjármagn eiginfjárgrunn fjármálafyrirtækis og áhættu sem stafar af innlausn veðs við álagsaðstæður. Fjármálafyrirtæki skal sýna Fjármálaeftirlitinu fram á að álagsprófin sem hafa verið framkvæmd séu fullnægjandi fyrir mat á slíkri áhættu.

Þegar álagspróf bendir til lægra söluvirðis tryggingar skal virði hennar lækkað í samræmi við það.

Fjármálafyrirtæki, sem nýtir ofangreinda heimild, skal setja sér stefnu og verklagsreglur vegna samþjöppunaráhættu sem fela í sér eftirfarandi:

1. Meðhöndlun áhættu vegna misræmis í líftíma milli áhættuskuldbindinga og allrar útlánaverndar þessara áhættuskuldbindinga,
2. meðhöndlun niðurstöðu álagsprófs sem bendir til lægra söluvirðis trygginga en gert var ráð fyrir við notkun heildaraðferðar, og
3. meðhöndlun samþjöppunaráhættu sem verður til við mildun útlánaáhættu, og einkum stórrar óbeinnar útlánaáhættu, t.d. gagnvart einum útgefanda verðbréfa sem er samþykkt sem trygging.

73. gr.

Áhættuskuldbindingar vegna fasteignaveðlána.

Fjármálafyrirtæki er heimilt að lækka virði áhættuskuldbindingar um allt að 50% af virði íbúðarhúsnæðis ef annaðhvort eftirfarandi skilyrði er uppfyllt:

1. Áhættuskuldbindingin er tryggð með veði í fullbúnu íbúðarhúsnæði sem eigandi býr í eða leigir út, eða
2. áhættuskuldbindingin tengist eignarleigusamningi og leigusalinn hefur fullt eignarhald á fullbúnu íbúðarhúsnæði, svo fremi leigutaki nýti ekki forkaupsrétt sinn.

Kröfunum sem settar eru fram í ákvæðum 208. og 229. gr. reglugerðar (ESB) nr. 575/2013, sbr. 92. gr., skal beitt að því er varðar 1. mgr.

Fjármálafyrirtæki er heimilt að lækka virði áhættuskuldbindingar um allt að 50% af virði viðskiptahúsnæðis enda fái áhættuskuldbindingin 50% áhættuvog skv. 2. kafla, báiki II, III. hluta þessarar reglugerðar, sbr. 92. gr., og uppfylli annaðhvort eftirfarandi skilyrði:

1. Áhættuskuldbindingin er tryggð með veði í fullbyggðu viðskiptahúsnæði sem er í leigu og gefur af sér viðeigandi leigutekjur, eða
2. áhættuskuldbindingin tengist eignarleigusamningi er varðar fullbyggt viðskiptahúsnæði sem er í leigu og gefur af sér viðeigandi leigutekjur.

Virði íbúðarhúsnæðisins eða viðskiptahúsnæðis skal reiknað samkvæmt fasteignamati Þjóðskrár Íslands eða öðru kerfisbundnu mati sem Fjármálaeftirlitið telur fullnægjandi, á grundvelli varfærinna matsreglna sem mælt er fyrir um í lögum eða stjórnsýslufyrirmælum. Slíkt mat skal framkvæmt að minnsta kosti einu sinni á þriggja ára fresti.

74. gr.

Tryggingar frá þriðja aðila.

Ef þriðji aðili ábyrgist áhættuskuldbindingu fjármálafyrirtækis gagnvart viðskiptavini er fjármálafyrirtæki heimilt að líta á trygðan hluta áhættuskuldbindingarinnar sem áhættuskuldbindingu gagnvart ábyrgðarveitanda fremur en gagnvart viðskiptavini. Skilyrði er að ótrygð áhættuskuldbinding gagnvart ábyrgðarveitanda fengi sömu eða lægri áhættuvog en áhættuvog hins ótrygðða hluta áhættuskuldbindingarinnar gagnvart viðskiptavininum.

Ef ábyrgð skv. 1. mgr. er í öðrum gjaldmiðli en áhættuskuldbindingin skal reikna út fjárhæð áhættuskuldbindingarinnar, sem telst vera trygð, í samræmi við ákvæðin um meðferð gjaldmiðlismisræmis vegna ófjármagnaðrar útlánavarnar í 4. kafla, bálki II, III. hluta þessarar reglugerðar, sbr. 92. gr. Misræmi milli gjalddaga áhættuskuldbindingarinnar og gjalddaga varnarinnar skal farið með í samræmi við ákvæðin um meðferð gjalddagamisræmis í 4. kafla, bálki II, III. hluta þessarar reglugerðar, sbr. 92. gr.

Viðurkenna má vörn að hluta í samræmi við meðferðina sem er sett fram í 4. kafla, bálki II, III. hluta þessarar reglugerðar, sbr. 92. gr.

Ef þriðji aðili tryggir áhættuskuldbindingu fjármálafyrirtækis gagnvart viðskiptavini með veitingu veðs er fjármálafyrirtæki heimilt að líta á þann hluta áhættuskuldbindingarinnar sem áhættuskuldbindingu gagnvart veðveitanda fremur en gagnvart viðskiptavini. Skilyrði er að veðtryggður hluti áhættuskuldbindingarinnar fengi sömu eða lægri áhættuvog en áhættuvog hins ótrygðða hluta áhættuskuldbindingarinnar gagnvart viðskiptavininum.

Fjármálafyrirtæki er óheimilt að nota þá aðferð sem um getur í 4. mgr. ef um er að ræða misræmi milli líftíma áhættuskuldbindingar og líftíma áhættuvagnar.

Fjármálafyrirtæki er óheimilt að nota bæði heildaraðferðina (e. *financial collateral comprehensive method*) og þá meðferð sem getið er í 4. mgr.

V. HLUTI

Áhættuskuldbindingar vegna yfirfærðrar útlánaáhættu.

75. gr.

Gildissvið.

Þessi hluti reglugerðarinnar gildir um verðbréfaðar stöður skv. 29. gr. b, c og d laga nr. 161/2002 um fjármálafyrirtæki, sbr. ákvæði 5. kafla, bálki II, III. hluta þessarar reglugerðar.

Ef fjármálafyrirtæki eða dótturfélög þess verðbréfa áhættuskuldbindingar frá öðrum fjármálafyrirtækjum eða fjármálastofnunum, er fyrirtækinu heimilt að uppfylla kröfur 76. gr. á samstæðugrunni.

Skilyrði fyrir heimild skv. 2. mgr. þessarar greinar er að viðkomandi fjármálafyrirtæki eða fjármálastofnanir fylgi ákvæðum 80. og 81. gr.

Í þessum hluta reglugerðarinnar hefur hugtakið útgefandi (e. *originator*) aðra merkingu en í lögum um verðbréfavíðskipti og merkir:

1. Aðila sem ýmist sjálfur eða í gegnum aðra aðila sem honum tengjast, beint eða óbeint, átti aðild að upphaflegum samningi sem skapaði skyldur, eða mögulegar skyldur, skuldara, eða mögulegs skuldara, og liggur að baki hinni verðbréfuðu áhættuskuldbindingu, eða
2. aðila sem kaupir áhættuskuldbindingu þriðja aðila, setur á eigin efnahagsreikning og verðbréfar.

Fjármálafyrirtæki skal, auk ákvæða þessa hluta, fylgja ákvæðum 404.-410. gr. reglugerðar (ESB) nr. 575/2013, sbr. 92. gr.

76. gr.

Færsla á útlánaáhættu.

Fjármálafyrirtæki sem ekki er útgefandi, umsýsluaðili eða upphaflegur lánveitandi skal því aðeins bera útlánaáhættu verðbréfaðrar stöðu í veltubók sinni, eða utan veltubókar, að útgefandi, umsýsluaðili eða upphaflegur lánveitandi hafi greint fjármálafyrirtækinu sérstaklega frá því að hann muni með viðvarandi hætti halda eftir að lágmarki 5% af hreinni fjárhagslegri hlutdeild (e. *net economic interest*).

Til að uppfylla skilyrði um eftirhald (e. *retention*) hreinnar fjárhagslegrar hlutdeildar skv. 1. mgr. skal að lágmarki uppfylla eitt eftirtalinna atriði:

1. Að halda eftir að lágmarki 5% af nafnvirði hvers áhættulags (e. *tranche*) sem selt er eða yfirfært til fjárfesta,
2. að halda eftir hlutdeild útgefanda sem er að lágmarki 5% af nafnvirði verðbréfaðra áhættuskuldbindinga, ef um ræðir verðbréfun á áhættuskuldbindingum vegna veltufjármögnunar (e. *securitisation of revolving exposures*),
3. að halda eftir áhættuskuldbindingum, sem valdar eru með slembiúrtaki, að jafngildi eigi minna en 5% af nafnvirði verðbréfaðra áhættuskuldbindinga, ef þess konar áhættuskuldbindingar hefðu annars verið verðbréfaðar í verðbréfuninni. Framangreint á því aðeins við að fjöldi undirliggjandi verðbréfaðra áhættuskuldbindinga sé ekki undir 100 talsins í upphafi,
4. að halda þeim hluta eftir sem er í fyrsta taplagi (e. *loss tranche*) og, ef nauðsyn krefur, öðrum hlutum með sama eða strangara áhættusniði (e. *risk profile*) en þeir sem yfirfærðir eða seldir eru til fjárfesta og gjalddagi þeirra er ekki á undan gjalddaga þeirra sem eru yfirfærðir eða seldir til fjárfesta, þannig að það sem haldið er eftir sé samtals eigi minna en 5% af nafnvirði verðbréfuðu áhættuskuldbindinganna, eða
5. að halda eftir fyrstu áhættuskuldbindingunni í tapstöðu (e. *first loss exposure*), nemi hún minnst 5% af öllum áhættuskuldbindingum í verðbréfuninni.

Hrein fjárhagsleg hlutdeild er metin í upphafi og skal henni haldið eftir með viðvarandi hætti. Óheimilt er að beita áhættumildun, skortstöðu eða annars konar áhættuvörn til lækkunar vegna eftirhalds á hreinni fjárhagslegri hlutdeild, sbr. 1.-5. tölul. 2. mgr. Hrein fjárhagsleg hlutdeild skal ákvarðast af grundvallarfjárhæð (e. *notional value*) liða utan efnahagsreiknings.

Ekki skal beita kröfum um eftirhald oftár en einu sinni á sömu verðbréfun.

77. gr.

Undanþágur frá skilyrðum 76. gr.

Ákvæði 76. gr. eiga ekki við ef verðbréfuðu áhættuskuldbindingarnar eru með beinni eða óbeinni ábyrgð eftirfarandi aðila:

1. Ríkisstjórna eða seðlabanka,
2. héraðs- og sveitarstjórna, staðaryfirvalda eða opinberra aðila innan aðildarríkja,
3. stofnana, sem fá úthlutað 50% eða lægri áhættuvog, skv. 2. kafla, bálki II, III. hluta þessarar reglugerðar, sbr. 92. gr., eða
4. fjölþjóðlegra þróunarbanka.

Þá gilda ákvæði 76. gr. ekki um viðskipti sem byggð eru á skýrri, gagnsærri og aðgengilegri vísitölu, þar sem undirliggjandi viðmiðunareiningar eru eins og þær einingar sem mynda vísitölu eininga og víða eru til viðskipta (e. *widely traded*), eða eru framseljanleg verðbréf af öðrum toga en verðbréfaðar stöður.

78. gr.

Áreiðanleikakönnun.

Fjármálafyrirtæki skulu geta sýnt fram á að þau hafi yfirgripsmikla þekkingu á og hafi framkvæmt vandaða og ítarlega könnun á fjárfestingum í öllum verðbréfuðum stöðum, áður en þau fjárfestu. Þau skulu innleiða viðmið og verklagsreglur sem ná til veltubókar og viðskipta utan veltubókar sem samræmast áhættusniði þeirra vegna fjárfestinga í verðbréfuðum stöðum.

Fjármálafyrirtæki skulu jafnframt, svo oft sem þurfa þykir, endurmeta fjárfestingar sínar í öllum verðbréfuðum stöðum. Til að svo megi verða skulu fjármálafyrirtæki greina og skrásetja:

1. Upplýsingar birtar skv. 76. gr., af útgefanda eða umsýsluaðila sem tilgreina hreina viðvarandi fjárhagslega hlutdeild sem þeir viðhalda í verðbréfuninni,
2. áhættueinkenni einstakra, verðbréfaðra staða,
3. áhættueinkenni undirliggjandi áhættuskuldbindinga verðbréfaðrar stöðu,
4. orðspor og tapreynslu af fyrri verðbréfunum útgefanda eða umsýsluaðila í viðkomandi flokkum undirliggjandi áhættuskuldbindinga verðbréfaðrar stöðu,
5. yfirlýsingar og birtar upplýsingar útgefanda eða umsýsluaðila, eða umboðsaðila (e. *agent*) eða ráðgjafa (e. *advisor*) þeirra, varðandi áreiðanleikakönnun á verðbréfuðu áhættuskuldbindingunum og, eftir atvikum, á gæðum trygginga vegna verðbréfaðra áhættuskuldbindinga,

6. aðferðir og hugtök sem virðismat á tryggingum vegna verðbréfaðra áhættuskuldbindinga byggist á, eftir atvikum, og stefnur sem innleiddar eru af útgefanda eða umsýsluaðila til þess að tryggja óhæði matsaðila, og

7. alla þætti í umgjörð verðbréfunar sem geta haft veruleg áhrif á afkomu verðbréfaðrar stöðu fjármálafyrirtækis, t.d. samningsbundna forgangsörðun til greiðslu (e. *contractual waterfalls*) og kveikjur (e. *triggers*) slíkra greiðslna, eflingu láns hæfis, styrkingu lausafjárstöðu, markaðsvirðiskveikjur og sérstakar, samningsbundnar skilgreiningar á vanefndum.

Fjármálafyrirtæki skulu reglulega framkvæma eigin álagspróf sem taka mið af verðbréfuðum stöðum þeirra. Í því skyni geta fjármálafyrirtæki stuðst við fjárhagslíkön sem láns hæfismatsfyrirtæki (e. *ECAI*) hafa þróað, að því tilskildu að fjármálafyrirtæki geti sýnt fram á að þau hafi gætt þess, að staðfesta þær forsendur sem við áttu, athugað uppbyggingu líkananna og skilið aðferðafræði, forsendur og niðurstöður líkananna.

79. gr.

Umgjörð áhættustýringar vegna áreiðanleikakönnunar.

Fjármálafyrirtæki, önnur en útgefendur eða umsýsluaðilar, skulu til viðbótar við skyldur skv. 78. gr. koma á viðeigandi formlegu ferli til að fylgjast tímanlega og með viðvarandi hætti með upplýsingum um þróun áhættuskuldbindinga sem liggja til grundvallar verðbréfuðum stöðum.

Í skyldum skv. 1. mgr. felst m.a. að greina, eftir því sem við á:

1. tegund áhættuskuldbindingar,
2. hlutfall lána sem eru komin í meira en 30, 60 og 90 daga vanskil,
3. vanskilahlutfall (e. *default rate*),
4. hlutfall fyrirframgreiðslu,
5. skilmálabreytingar,
6. útlán þar sem gengið er að veði,
7. tegund veðs og notkun,
8. tíðnidreifingu láns hæfiseinkunna eða annarra mælikvarða á lánstrausti þvert á undirliggjandi áhættuskuldbindingar, atvinnugreina og landfræðilegrar fjölbreytni (e. *geographical diversification*), og
9. tíðnidreifingu láns hlutfalla (e. *loan to value ratio*) með bilbreiddum sem auðvelda fullnægjandi næmisgreiningu.

Ef undirliggjandi áhættuskuldbindingar eru verðbréfaðar stöður skulu fjármálafyrirtæki ekki aðeins hafa upplýsingar, sem settar eru fram í 2. mgr. þessarar greinar, um þá hluta undirliggjandi verðbréfunar, svo sem nafn útgefanda og láns hæfisgæði, heldur einnig um einkenni og afkomu af þeim söfnum sem eru til grundvallar þessum hlutum verðbréfunar.

Fjármálafyrirtæki skulu framkvæma greiningu skv. 1.-3. mgr. þessarar greinar vegna þátttöku í útgáfu, eða sölutryggingar útgáfu, þriðju aðila hvort sem skuldbindingu, sem myndast vegna þessarar þátttöku eða sölutryggingar, skal haldið á veltubók eða utan hennar.

80. gr.

Viðmið vegna undirliggjandi lánveitinga umsýsluaðila og útgefenda.

Fjármálafyrirtæki sem eru umsýsluaðilar og útgefendur skulu beita sömu viðmiðum vegna lánveitinga sem krafist er skv. 1. mgr. 78. gr. a laga um fjármálafyrirtæki, nr. 161/2002, á verðbréfaðra áhættuskuldbindingar, eins og þeim sem beitt er vegna áhættuskuldbindinga á efnahagsreikningi. Fjármálafyrirtæki sem eru umsýsluaðilar og útgefendur, skulu einnig nota sama verklag vegna verðbréfaðra áhættuskuldbindinga og vegna samþykkis, breytinga, endurnýjunar og endurfjármögnunar útlána.

Fjármálafyrirtæki sem er útgefandi og ekki uppfyllir kröfur 1. mgr. þessarar greinar er óheimilt að beita 2. mgr. 43. gr. þessarar reglugerðar. Við útreikning á eiginfjárkröfum samkvæmt 5. kafla, báki II, III. hluta þessarar reglugerðar er slíku fjármálafyrirtæki enn fremur óheimilt að undanskilja verðbréfaðra áhættuskuldbindingar.

81. gr.

Upplýsingaskylda til fjárfesta.

Umsýsluaðilar, útgefendur og upphaflegir lánveitendur skulu greina fjárfestum frá hlutfalli útgáfunnar sem haldið er eftir á grundvelli 76. gr., þar með talið sundurliðuðum upplýsingum skv. 1.-5. tölul. 2. mgr. sömu greinar.

Umsýsluaðilar, útgefendur og upphaflegir lánveitendur skulu tryggja að mögulegir framtíðarfjárfestar hafi greiðan aðgang að öllum viðeigandi upplýsingum að því er varðar:

1. Lánshæfisgæði og afkomu, þ.m.t. vanskilum, vegna einstakra undirliggjandi áhættuskuldbindinga,
2. sjóðstreymi og tryggingar að baki verðbréfuðum áhættuskuldbindingum, og
3. þær upplýsingar sem nauðsynlegar eru í því skyni að framkvæma heildstæð og traust álagspróf á sjóðstreymi og virði þeirra trygginga sem liggja að baki áhættuskuldbindingunum.

Viðeigandi upplýsingar skv. 2. mgr. þessarar greinar skulu miðast við þann dag sem stofnað er til verðbréfunar og síðar, eftir því sem við á, í samræmi við eðli verðbréfunarinnar.

VI. HLUTI

Lausafjárlutfall.

82. gr.

Útreikningur lausafjárlutfalls.

Lausafjárlutfall skal vera hlutfall lausafjäreigna lánastofnunar og nettó útlæðis lausafjár hennar næstu 30 daga á álagstímabili, tilgreint sem prósentu. Nettó útlæði er samtala útlæðis skv. 84. gr. að frádreginni samtölu innflæðis skv. 85. gr.

Lausafjárlutfall lánastofnana skal á hverjum tíma vera a.m.k. 100%.

Þrátt fyrir 2. mgr. er lánastofnunum heimilt að breyta lausafjäreignum í reiðufé til að standa straum af nettó útlæði lausafjár á álagstímum, þótt slík notkun lausafjäreigna geti tímabundið á álagstíma leitt til þess að lausafjárlutfall fari undir 100%.

Falli lausafjárlutfall lánastofnunar niður fyrir það lágmark sem sett er í 2. mgr., hvort heldur það gerist á álagstíma eða ekki eða ástæða er til að ætla að það gerist skal lánastofnun tafarlaust tilkynna Seðlabanka Íslands um það með skriflegum hætti þar sem ástæður þess eru tilgreindar með fullnægjandi hætti. Viðkomandi lánastofnun skal enn fremur leggja fram tímasetta áætlun um hvernig hún hyggst ná lágmarki lausafjárlutfalls.

83. gr.

Lausafjäreignir.

Lausafjäreignir skulu uppfylla eftirfarandi:

1. Eignir skulu vera fasteignir, réttindi eða annars konar eignir í eigu lánastofnunarinnar og án allra kvaða. Eign telst kvaðalaus þegar lög, samningar, reglur eða aðrar takmarkanir standa ekki í vegi fyrir slitum, sölu, yfirfærslu, framsali eða annars konar ráðstöfun eignarinnar með beinni sölu eða endurhverfum samningi innan næstu 30 daga.
2. Eignirnar mega ekki vera útgefnar af lánastofnuninni sjálfri, móður- eða dótturfélagi hennar, öðru dótturfélagi móðurfélags hennar eða af sérstökum verðbréfunaraðila sem er nátengdur lánastofnuninni. Eignirnar mega þó vera útgefnar af móðurfélagi lánastofnunarinnar sé móðurfélagið opinbert fyrirtæki sem ekki er lánastofnun.
3. Virði eignanna skal vera hægt að meta á grundvelli aðgengilegs markaðsverðs. Sé markaðsverð ekki til staðar skal meta eignirnar á grundvelli einfaldrar reiknireglu sem byggir á opinberum gögnum og er ekki verulega háð matsatriðum.
4. Lausafjäreignir skulu samanstanda af lausafjäreignum af stigi 1, stigi 2A og stigi 2B í samræmi við reglur Seðlabanka Íslands.
5. Lánastofnanir skulu ávallt uppfylla eftirfarandi skilyrði varðandi samsetningu lausafjäreigna:
 - a. að lágmarki 60% lausafjäreigna skulu vera 1. stigs eignir;
 - b. að hámarki 15% lausafjäreigna skulu vera 2. stigs (b) eignir.

84. gr.
Útflæði.

Til útflæðis skal telja eftirfarandi:

1. innlán og fjármögnun án trygginga,
2. verðbréf og aðra fjármálagerninga,
3. samningsbundna láns- og lausafjárfyrirgreiðslu,
4. veðlán og endurhverf viðskipti, og
5. annað útflæði.

Með samtölu útflæðis er átt við samtölu alls útflæðis með vægi sem Seðlabanki Íslands ákveður.

85. gr.
Innflæði.

Til innflæðis skal telja eftirfarandi:

1. veðlánasamninga og endurhverf viðskipti,
2. samningsbundnar greiðslur,
3. innlán í öðrum lánastofnunum eða seðlabanka, og
4. annað innflæði.

Með samtölu innflæðis er átt við samtölu alls innflæðis með vægi sem Seðlabanki Íslands ákveður. Samtala innflæðis getur að hámarki talist 75% af samtölu útflæðis.

86. gr.
Gagnaskil.

Skýrslum skal skilað til Seðlabanka Íslands á því formi og tíðni sem Seðlabankinn ákveður í reglum um lausafjárhlutfall lánastofnana.

86. gr. a.
Hlutfall stöðugrar fjármögnunar.

Fjármálafyrirtæki skal reikna hlutfall stöðugrar fjármögnunar til samræmis við 428. gr. a-428. gr. az reglugerðar (ESB) nr. 575/2013.

VII. HLUTI
Vogunarhlutfall.87. gr.
Útreikningur vogunarhlutfalls og gagnaskil.

Fjármálafyrirtæki skal uppfylla kröfur um hlutfall vogunar hverju sinni, að teknu tilliti til 429. gr. g. reglugerðar (ESB) nr. 575/2013, sbr. 92. gr., og reglna um nánari afmörkun á útreikningum varðandi vogunarhlutfall fjármálafyrirtækja.

Vogunarhlutfallið skal reiknað sem þáttur 1 skv. 84. gr. a og 84. gr. b, sbr. 85. gr. laga um fjármálafyrirtæki, nr. 161/2002, deilt með heildaráhættuskuldbindingum, þ.e. eignum og liðum utan efnahags að teknu tilliti til viðeigandi breytistuðla. Eignaliðir og liðir utan efnahags sem dregnir eru frá við ákvörðun þáttar 1 eru undanskildir við útreikning heildaráhættuskuldbindinga. Vogunarhlutfall skal reiknað sem einföld staða í lok hvers ársfjórðungs.

Fjármálafyrirtæki skal senda Fjármálaeftirlitinu skýrslu um vogunarhlutfall á því formi og með þeirri tíðni sem stofnunin ákveður.

88. gr.

Lágmark vogunarhlutfalls.

Vogunarhlutfall fjármálafyrirtækis skal ekki fara undir 3%, sbr. 30. gr. a laga um fjármálafyrirtæki, nr. 161/2002.

VIII. HLUTI

Gagnsæiskröfur.

89. gr.

Upplýsingagjöf fjármálafyrirtækja.

Fjármálafyrirtækjum ber að birta opinberlega þær upplýsingar sem tilgreindar eru í 431.-455. gr. reglugerðar (ESB) nr. 575/2013, sbr. 92. gr. Heimilt er að undanskilja upplýsingar sem ekki eru taldar mikilvægar eða geta talist trúnaðarupplýsingar skv. 432. gr. ofangreindrar reglugerðar. Fjármálafyrirtækjum ber þó að upplýsa hvort viðkomandi upplýsingar hafi verið birtar og ástæður ef svo er ekki.

Fjármálafyrirtæki skulu samþykka formlega stefnu til að fullnægja kröfum um upplýsingagjöf skv. 1. mgr. Í stefnunni skal koma fram með hvaða hætti fjármálafyrirtæki meta, að meðtalinni sannpröfun og tíðni birtinga, hvaða upplýsingar eru viðeigandi og gefa markaðsaðilum glögga mynd af áhættusniði (e. *risk profile*) þeirra.

IX. HLUTI

Aðlögunarákvæði.

90. gr.

Aðlögun.

Fjármálafyrirtæki skulu einungis taka tillit til þeirra aðlögunarákvæða skv. 465.-499. gr. í X. hluta reglugerðar (ESB) nr. 575/2013, sbr. 92. gr., sem þeim er samkvæmt orðalagi reglugerðarinnar skylt að fara eftir eða heimilt skv. 473. gr. a reglugerðarinnar.

X. HLUTI

Eftirlit, innleiðing og gildistaka.

91. gr.

Eftirlit.

Fjármálaeftirlitið hefur eftirlit með að fjármálafyrirtæki fari að kröfum þessarar reglugerðar, að undanskildum VI. hluta hennar. Seðlabanki Íslands hefur eftirlit með VI. hluta reglugerðarinnar, um lausafjárhlutfall, þar með talið vegna gagnaskila.

92. gr. Birting og aðlögun reglugerðar (ESB) nr. 575/2013 um varfærniskröfur vegna starfsemi fjármálafyrirtækja.

Með heimild í ákvæði til bráðabirgða I í lögum um fjármálafyrirtæki, nr. 161/2002, sbr. lög nr. 57/2015, vísast til enskrar útgáfu af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 575/2013 um varfærniskröfur vegna starfsemi lánastofnana og verðbréfafyrirtækja í Stjórnartíðindum Evrópusambandsins:

<http://eur-lex.europa.eu/legal-content/EN/TXT/?qid=1464730323748&uri=CELEX:32013R0575>.

Þrátt fyrir 1. mgr. skulu þau ákvæði enskrar útgáfu reglugerðar (ESB) nr. 575/2013, eins og hún er birt í Stjórnartíðindum Evrópusambandsins sem vísa til 17.-19. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1093/2010 um Evrópsku bankaefirlitsstofnunina (EBA) ekki taka gildi hér á landi fyrr en reglugerð (ESB) nr. 1093/2010 hefur verið lögfest.

Ákvæði 500. og 501. gr. reglugerðar (ESB) nr. 575/2013 skulu ekki taka gildi hér á landi fyrr en reglugerð (ESB) nr. 575/2013 hefur verið tekin upp í samninginn um Evrópska efnahagssvæðið.

93. gr.
Gildistaka.

Reglugerð þessi er sett með heimild skv. 117. gr. a laga um fjármálafyrirtæki, nr. 161/2002. Reglugerðin öðlast þegar gildi.

- Fjármála- og efnahagsráðuneytinu, 6. mars 2017. -

- Benedikt Jóhannesson. -

- Leifur Arnkell Skarphéðinsson. -

FYLGISKJAL.

[Hlekkur á breytinga reglugerð með fylgiskjali á PDF formi.](#)

FYLGISKJAL.

[Hlekkur á breytinga reglugerð 749/2021 með fylgiskjölum á PDF formi.](#)

Athugasemdir ritstjóra

Hlekk á fylgiskjal með breytinga reglugerð 1544/2020 bætt við sem fylgiskjali.

Hlekk á viðbótarfylgiskjöl með breytinga reglugerð 749/2021 bætt við sem auka fylgiskjali.

Fyrirvari

Reglugerðir eru birtar í B-deild Stjórnartíðinda skv. 3. gr. laga um Stjórnartíðindi og Lögbirtingablað, nr. 15/2005, sbr. reglugerð um útgáfu Stjórnartíðinda nr. 958/2005.

Sé misræmi milli þess texta sem birtist hér í safninu og þess sem birtur er í útgáfu B-deildar Stjórnartíðinda skal sá siðarnefndi ráða.